


LÖGMANNABLAÐIÐ

12. árgangur | mars | 1/2006

EFTA-dómstóllinn

Áhrif alþjóðavæðingar á störf lögmanna



Lögmannafélag
Íslands



EFTA-dómstóllinn

Jón Rúnar Pálsson:
Heimsókn LMFÍ til EFTA-dómstólsins í Lúxemborg

Guðjón Rúnarsson:
Völdum stofu með reynslu af málflutningi
fyrir Evrópudómstólum

Hringborðsumræður um EFTA-dómstóllinn:
Sjaldnast svart eða hvítt

Porgeir Örlygsson:
Aðalatriðið að dómstóllinn sé til staðar

Alþjóðavæðingin

Sigurður R. Arnalds:
Landfræðilegar tilvísanir, ostar og Evrópuréttur

Ingimar Ingason:
CCBE – Samtök lögmannafélaga í Evrópu

Logos opnar útibú í London:
Samkeppnisforskot að hafa mann á staðnum

Brjóta forgangsréttarákvæði kjarasamninga
gegn Mannréttindasáttmála Evrópu?

Annað fagtengt efni

Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs

Tómas Eiríksson:
Málþing Lagastofnunar Háskóla Íslands
um dóm Hæstaréttar í máli fyrrverandi jafnréttisstýru

Garðar G. Gíslason:
Á skal að ósi stemma

Jóhannes Rúnar Jóhannsson:
Laganefnd gegnir mikilvægu hlutverki

Nýjustu úrskurðir úrskurðarnefndar LMFÍ

Á léttum nótum

Mörður lögmaður

Jólafundur

Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:
Frá ritstjórn

Helgi Jóhannesson:
Formannspistill

Eyrún Ingadóttir:
Fréttir frá félagsdeild

Bls.

10

12

14

18

30

35

37

42

6

26

28

39

43

24

32

4

22

33

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími (tel.): 568-5620
Bréfsími (fax): 568-7057
Netfang: (E-mail): lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttur hdl.,
Sigurður Arnalds hrl.,
Svanhvít Axelsdóttir hdl.,
Sölvi Sölvason hdl.,
Tómas Eiríksson hdl.,
Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Helgi Jóhannesson hrl., formaður
Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.,
varaformaður
Stefán Geir Þórisson hdl., gjaldkeri
Helga Jónsdóttir hdl., ritari
Jóhannes Albert Sævarsson hrl.,
meðstjórnandi.

STARFSFÓLK LMFÍ:
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir ritari

Forsíðumynd: Hluti Kirchberg svæðis
Lúxemborgar þar sem Evrópustofnanir
eru staðsettar. EFTA-dómstóllinn er
staðsettur í sexhyrnu byggingunni t.h.
Ljósmynd: Kerstin Schwiesow.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2.000 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 700 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.,
sími 533 4440

ISSN 1670-2689

nashuatec

Kauptu tímalausa hugmynd



Nýjasta tækni Nashuatec sannar að góð hugmynd er tímalaus hafi menn kunnáttu og dug til að nýta hana. Hún léttir þér lífið og býður allt í senn: ljósritun, prentun, faxsendingar og skönnun. Og þetta eru aðeins nokkrir sjálfsgðir eiginleikar þessarar framúrskarandi samstæðu frá Nashuatec.

Að ljósrita eða prenta A3 eða minna, beggja vegna í lit eða allt í einu. Skannaðu, faxesaðu, heftaðu eða sendu með tölvupósti í fullum lit. Pappírssamskipti og rafræn samskipti, um innri vefinn eða veraldarvefinn. Þetta er tækni Nashuatec sem hefur að leiðarljósi hagræðingu og betri samskipti á nútíma skrifstofu.

Hafðu samband við ráðgjafa Nashuatec á Íslandi.

Komdu og kynntu þér nýja tíma og miðlæga vinnslu.

Kynntu þér þjónustusamning með allt að 5 ára ábyrgð.

Nashuatec stendur fyrir áreiðanleika, hagstæðan rekstur og frábæra þjónustu em er grundvallar atriði í nútíma skrifstofuhaldi

Optima er aðili að rammamningi Ríkiskaupa



OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 - Sími 588 9000



Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

Aukin alþjóðavæðing hefur óhjákvæmilega áhrif á störf lögmannna. Evrópurétturinn er orðinn hluti íslensks lagaumhverfis. Lögum sem byggja á tilskipunum eða reglugerðum Evrópusambandsins, og hafa gildi á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), fjölga ár frá ári. Ágreiningi um túlkun þessara EES reglna má skjóta til EFTA-dómstólsins. Íslenskir lögmennt standa frammi fyrir því að geta þurft að fylgja málum sínum eftir fyrir EFTA-dómstólnum án mikils fyrirvara. Vægi dóma Mannréttindadómstóls Evrópu hefur einnig aukist með löggildingu Mannréttinasáttmála Evrópu og í framhaldi af stjórnarskrárbreytingunni 1995. Þá þarfnast íslensk fyrirtæki í auknum mæli þjónustu lögmannna við yfirtökuverkefni og fjármögnun erlendis og til að koma á og aðstoða við samskipti við erlendar lögmannsstofur. Fyrsta útibú íslenskrar lögmannsstofu erlendis hefur verið opnað í London. Lögmannafélag Íslands er fullgildur aðili að CCBE, samtökum lögmannafélaga í Evrópu.

Efni þessa blaðs endurspeglar þennan veruleika. Fjallað er um EFTA-dómstólinn, svo sem hvaða mál falla undir lögsögu hans og hvernig ágreiningi verði komið fyrir dómstólinn. Þorgeir Örlygsson, sem er íslenski dómariinn við EFTA-dómstólinn, hefur verið svo vinsamlegur að svara nokkrum spurningum Lögmannablaðsins um starfsemi hans. Lögmennt sem flutt hafa mál fyrir EFTA-dómstólnum skýra frá þeirri reynslu sinni og hvað þar kom mest á óvart. Lesendur blaðsins fá einnig að vita hvað réði því að leitað var til erlendar lögmannsstofu um flutning máls Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja gegn Eftirlitsstofnun EFTA nú í janúar. Erlendir lögmennt komu reyndar einnig fram fyrir hönd Íbúðalánasjóðs í málinu. Efnt var til hópferðar á vegum Lögmannafélagsins til að fylgjast með málflytningnum og er þeirri ferð gerð skil í máli og myndum.

Spurt er hvort forgangsréttarákvæði íslenskra kjarasamninga brjóti gegn ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu í umfjöllun um fund Vinnuréttarfélags Íslands um nýjan dóm Mannréttindadómstólsins sem kveðinn var upp 11. janúar 2006. Þá er talað við forsvarsmenn útibús LOGOS í Lond-

on auk annars efnis svo sem dómaumfjöllunar. Mörður lögmaður og fréttir frá félagsdeild eru að sjálfsögðu á sínum stað.

Þær nýjungar hafa verið teknar upp að gerð er grein fyrir störfum laganeftndar og úrskurðarneftndar. Er fyrirhugað að sú umfjöllun verði fastur liður, en ítarlegri upplýsingar verði á heimsíðu Lögmannafélagsins. Þá er tekið upp það nýmæli að vera með bókaþátt þar sem verði að finna upplýsingar um erlendar bækur sem þykja áhugaverðar.

Þetta tölublað Lögmannablaðsins er það fyrsta á forræði nýrrar ritneftndar. Markmiðið er að Lögmannablaðið sé áhugavert og praktískt fyrir lögmennt, jafnvel forvitnilegt. Innra starf Lögmannafélagsins verði sýnilegra en verið hefur til að auka skilning á starfi og viðfangsefnum félagsins. Tengslin milli Lögmannablaðsins og heimasíðu Lögmannafélagsins verði jafnframt eflað þar sem ítarlegri upplýsingar verður að finna þar.

Blaðið var stækkað í tíð fyrri ritstjórnar í A-4 brot sem gerir alla framsetningu mun auðveldari. Það er lesenda að dæma hvernig tekist hefur að uppfylla þau markmið að þessu sinni. Það sýndi sig við vinnslu blaðsins að af nægu var að taka hvað varðar þema blaðsins – áhrif alþjóðavæðingarinnar á störf lögmannna. Því verður varla á móti mælt að störf lögmannna hafa að því leyti orðið flóknari og kröfur um sérhæfingu aukist þótt fallast megi á að grunneðli lögmannsstarfsins sé áfram það sama. Nú er á hinn bóginn vegið að grundvallarskilyrðum þess, trúnaðarsambandinu milli lögmanns og skjólstaðings, eins og nánar er rakið í pistli formanns Lögmannafélagsins hér í blaðinu. Tekið skal undir þau orð formannsins að í þessu sambandi eru erlend samskipti Lögmannafélagsins afar mikilvæg. Með þátttöku í starfi CCBE og samvinnu við lögmannafélögin á Norðurlöndum getum við fylgst með þróun þessara mála í öðrum löndum og búið okkur undir það sem koma skal hér á landi. Eins og fram kemur í hringborðsumræðum með lögmonnum hér í blaðinu, þetta er sjaldnast svart eða hvítt – klippt eða skorið.



KONICA MINOLTA

Lítill og **fjölhæf**



Konica Minolta 130f

Flest fyrirtæki þurfa prentara, ljósritunarvél, litskanna og faxtæki. Minnsta vélin frá KONICA MINOLTA gerir allt þetta og meira til. Hún sendir líka tölvupóst. Frumritamatari er staðalbúnaður, auk þess sem hægt er að leggja frumrit á gler. Myndgæðin eru fyrsta flokks, 600 dpi, og afköstin eru 13 blöð á mínútu.

Tilboðsverð kr. 59.900 m/vsk

Verðið gildir fyrir allar Lögmennastofur í mars 2006

UMFANG
TÆKNIBÚNAÐUR

UMFANG-TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is


Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs

(tölur innan sviga eru frá fyrra starfsári).

Nýir félagsmenn frá síðasta aðalfundi eru samtals 36 (46), þar af 17 (12) sem leystu til sín eldri málflutningsréttindi. Þá hafa 8 (9) félagsmenn öðlast réttindi til mál-

flutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Alls var 31 (23) lögmaður tekinn af félagaskránni.

Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Félagsmenn eru nú samtals 695 (690), eða 5 (23) fleiri en á síðasta aðalfundi. Héraðsdómslögmenn eru 468 (468) talsins og hæstaréttarlögmenn 227 (222). Alls eru 344 (353) lögmen sjálfstætt starfandi og 94 (87) lögmen fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 216 (209) lög-

menn, þar af 75 (76) hjá ríki eða sveitarfélögum og 141 (133) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 75 (49) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum er 41 (41) talsins. Það er 61 (59) lögmaður 70 ára og eldri á þessu ári.



SÍÐUMÚLA 16-18 • GUTENBERG.IS • SÍMI 545 4400



Allt að 53.043 kr. endurgreiðsla

Skilvísir viðskiptavinir fjölskylduþjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2005. Endurgreiðslan nam allt að 53.043 krónum á fjölskyldu.


Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskylduþjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.

Endurgreiðslan samanstendur af:


- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu

Má bjóða þér að slást í hópinn og eiga kost á endurgreiðslu að ári?

Fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi á tímabilinu 1996-2006.




Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Af félagsmönnum eru 155 (153) konur, þar af eru 17 (15) hæstaréttarlögmenn. Af konum í félaginu eru 48 (53) sjálfstætt starfandi og 34 (32) eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofn-

unum starfa 73 (68) konur, þar af 33 (31) hjá ríki eða sveitarfélögum og 40 (37) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 21 (15) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Af félagsmönnum eru 540 (537) karlar, þar af eru 210 (206) hæstaréttarlögmenn. Af þessum 540 körlum eru 296 (300) sjálfstætt starfandi og 60 (55) starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrir-

tækjum og stofnunum starfa 143 (141) karlar, þar af 42 (45) hjá ríki eða sveitarfélögum og 101 (96) hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum (af þeim 54 (34) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).



KOSTIR SÉREIGNARSPARNAÐAR SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS ERU ÓTVÍRÆÐIR

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er öflugur og óháður lífeyrissjóður sem býður upp á hagstæðan séreignarsparnað sniðinn að þörfum hvers og eins. Eftirfarandi tvær leiðir eru meðal annars í boði.

Aldursleið

Í aldersleið Sameinaða lífeyrissjóðsins er inneign ávöxtuð í verðbréfasafni sem tekur mið af aldri. Inneignin flyst sjálfkrafa á milli leiða eftir aldri einstaklingsins. Áhættudreifing er innbyggð og felst í því að hlutfall hlutabréfa lækkar eftir því sem sjóðfélaginn eldist en hlutfall skuldabréfa hækkar að sama skapi. Verðbréfasafn með háu hlutfalli hlutabréfa hentar vel fyrir unga sjóðfélaga því iðgjöld þeirra eiga eftir að ávaxtast í langan tíma.



Skuldabréfaleið

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður upp á skuldabréfaleið þar sem fjárfest er að fullu í innlendum, verðtryggðum skuldabréfum sem bera fasta vexti. Þessi leið hentar þeim vel sem vilja verðtryggja sparnaðinn og taka litla sem enga áhættu. Sveiflur í ávöxtun eru litlar í skuldabréfaleiðinni.

Reiknivélín á www.lifeyrir.is gerir öllum kleift að reikna séreignarsparnað út frá sínum forsendum.

Skráðu þig strax í Sameinaða lífeyrissjóðinn, það borgar sig!

Fáðu nánari upplýsingar á vefsíðu okkar, www.lifeyrir.is, eða í síma 510 5000.





Málflytjendur og fulltrúar aðila málsins í EFTA dómstólum.

Jón Rúnar Pálsson hrl.

Heimsókn LMFÍ til EFTA-dómstólsins í Lúxemborg

Þann 17. janúar sl. tók EFTA-dómstóllinn fyrir til aðalmeðferðar mál Samtaka banka- og verðbréfafyrirtækja (SBV) gegn Eftirlitsstofnun EFTA vegna deilu um starfssemi Íbúðalánasjóðs. Í tilefni þess fóru 14 lögmenn á vegum Lögmannafélags Íslands til Lúxemborgar að hlusta á málflytninginn.

Áður en málflytningur hófst hlýddi hópurinn á dómsuppsögu í svo kölluðu pallettumáli, nr. 4/2005, þar sem íslenska ríkið var málsaðili fyrir hönd



ÁTVR. EFTA-dómstóllinn hefur leigt góða aðstöðu í einum af fjölmörgum salarkynnum Verslunarráðsins (Chamber of Commerce) fyrir munnlegan málflytning.

Málflytningurinn var viðamikill og stóð í fimm klukkutíma. Ræða sækjanda lögmenns SBV var um 50 mínútna löng og einnig ræða varnaraðila, Eftirlitsstofnunar EFTA. Styttri ræður, 15-20 mínútna langar, héldu síðan lögmaður Samtaka evrópskra banka og verðbréfafyrirtækja, lögmaður Evrópusambandsins, lögmaður Íbúðalánasjóðs og lögmaður konungsríkisins Noregs. Heimild var veitt til andsvara og spurningar spurðar af hálfu dómstólsins. Það voru eingöngu erlendir lögmenn sem fluttu málið munnlega fyrir dómstólum.

Strax að loknum málflytningi hófst tveggja tíma seminar um EFTA-dómstóllinn og starfsemi hans. Fyrirlesarar voru Carl Baudenbacher forseti dómstólsins og Henning Harborg dómritari.

Á kvöldin var brugðið á leik. Hér er Helgi Jóhannesson formaður LMFÍ í miðri aríu en undirleikarinn er Lárentsínus Kristjánsson.



Gunnar Thoroddsen bankastjóri Landsbankans í Lúxemborg bauð lögmönnum til móttöku og kynnti starfsemi bankans ytra.

Ekki verður sagt að EFTA-dómstóllinn hafi verið mikið notaður á 10 ára starfstíma sínum. Í heild hefur dómstóllinn haft til meðferðar 80 skráð mál eða um átta mál á ári. Í lokin var farið í skoðunarferð um skrifstofur dómstólsins sem eru staðsettar í annarri skrifstofubýggingu í Fort Thungen, Kirchenberg.

Eftir mjög fróðlegt seminar bauð EFTA-dómstóllinn lögmönnum til

veglegs kvöldverðar í Circle Munster sem er skemmtilegt veitingahús staðsett ofan í gílinu sem Lúxemborg er byggð við. Allir starfsmenn dómstólsins, um 20 manns auk maka, voru í þessu boði þannig að lögmönnum gafst tækifæri til að kynna enn frekar störfum dómstólsins og starfsmönnum hans.

Ferðin stóð í alls þrjú daga, frá sunnudegi til miðvikudags, en auk þess að hlusta á málf lutninginn fór hópurinn í heimsókn í höfuðstöðvar Landsbankans í Lúxemborg en þar starfa um 70 manns við að ávaxta milljónir evra. Bankastjóri þar er Gunnar Thoroddsen lögfræðingur og kynnti hann umfangsmikla starfsemi bankans, sem hefur vaxið hratt á sl. tveimur árum. Bankinn bauð síðan lögmönnum til glæsilegs hófs.

Að morgni miðvikudags var haldið heim til Íslands og ég vil þakka félaginu fyrir vel heppnaða og skipulagða ferð sem og EFTA-dómstólnum fyrir góðar móttökur.



Greinarhöfundur, Jón R. Pálsson, ásamt Stefaníu Gissurardóttur í veislu EFTA-dómstólsins.

F.v. Helga Melkorka Óttarsdóttir, Stefanía Gissurardóttir, Guðrún Margrét Árnadóttir og Þorgeir Örylgsson.



Að loknum málf lutningi hlýddu lögmenn á kynningu á starfsemi EFTA-dómstólsins.

Viðtal við Guðjón Rúnarsson:

Völdum stofu með reynslu af málflutningi fyrir Evrópudómstólnum

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, tók að sér að svara tveimur spurningum Lögmannablaðsins.

Hvað ræði því að SBV ákvæðu að fella þýskri lögmannsstofu að annast rekstur málsins?

Þegar ákvörðun hafði verið tekin um að áfrýja úrskurði ESA, haustið 2004, hófu SBV leit að lögmannsstofu til að fylgja málinu eftir fyrir EFTA-dómstólnum. Þar sem um viðamikil ríkisstyrkjámál var að ræða töldu SBV brýnt að finna stofu innan EES-svæðis sem hefði að baki mikla sérhæfingu á því sviði. Ríkisstyrkjámál koma sjaldan fyrir hérlandi dómstóla og því eðlilega vandfundnar íslenskar lögmannsstofur með sérhæfingu í þeim málaflokk. Jafnframt var af hálfu SBV lögð áhersla á að sú stofa sem tæki málið að sér hefði mikla reynslu af málflutningi fyrir Evrópudómstólum. Í ljósi þessa beindu SBV sjónum að lögmannsstofum utan landssteinanna. Eftir nokkra leit á grundvelli góðra ábendinga systursamtaka SBV erlendis sem glímt hafa við ríkisstyrkjámál urðu Hans-Joerg Niemeyer og kollegar hans hjá Hengeler Muller lögmannsstofunni fyrir valinu.

Lögmaður SBV, Hans-Joerg Niemeyer, sem starfar í útibúi Hengeler Muller í Brussel, hefur á síðustu tólf árum flutt 30 ríkisstyrkjámál fyrir framkvæmdastjórn ESB og 33 ríkisstyrkjámál fyrir Evrópudómstólnum. Meðal þessara mála er hið þekktu prófmál



gegn Westdeutsche Landesbank frá 1999. Framkvæmdastjórn ESB úrskurðaði í því máli að þýska ríkinu bæri að fella niður ríkisábyrgð til handa bönkum í samkeppnisrekstri. Í kjölfarið fylgdu nokkur minni mál gegn fleiri en einum slíkum Landesbanka, þar sem sumir reyndu aðrar leiðir til að fara framhjá úrskurðinum. Niemeyer flutti þau mál.

Hvert er meginágreiningsefnið?

Upphafleg kvörtun SBV til ESA, sem lögð var fram í apríl 2004, snerist um að starfsemi Íbúðalánasjóðs í núverandi mynd fæli í sér ólögmetan ríkisstyrk á grunni ríkisstyrkjareglna EES-samningsins. ESA úrskurðaði í ágúst það sama ár að starfsemi sjóðsins fæli í sér ríkisstuðning, en að hann væri undanþeginn ríkisstyrkjareglum á grundvelli 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Sú grein kveður á um að samkeppnisreglur EES-samningsins, þar með talið ríkisstyrkjareglur, gildi ekki

um fyrirtæki sem veita þjónustu sem talin er hafa almenna efnahagslega þýðingu ef beiting reglnanna kemur í veg fyrir að viðkomandi fyrirtæki geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau verkefni sem þeim eru falin. Ákvæðið setur þessari undanþágu hins vegar skýrar skorður. Greinin er sambærileg 2. mgr. 86. gr. stofnsáttmála EB. Þessum úrskurði ESA áfrýjuðu SBV, og því eru málsaðilar formlega séð SBV gegn ESA, en ekki SBV gegn Íbúðalánasjóði. SBV fara fram á að dómstóllinn felli úr gildi úrskurð ESA og byggja þá kröfu sína á eftirfarandi. Í fyrsta lagi að ESA hafi ekki sinnt lagalegri skyldu sinni til að hefja formlega rannsókn á íslenska húsnæðislánamarkaðnum, heldur kveðið upp úrskurð á grundvelli aðsendra gagna fáum mánuðum eftir að kvörtun var send inn. Í öðru lagi að ESA hafi vanrækt að rökstyðja úrskurð sinn sem skyldi. Í þriðja lagi að beiting ESA á 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins hafi verið röng.

Mannréttindasáttmáli Evrópu



Í riti þessu er fjallað um Mannréttinda-sáttmála Evrópu, réttindin sem hann verndar og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Samhliða er því lýst hvernig áhrif sáttmálans birtast í íslenskum rétti og hvernig réttindi hans eru tryggð með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar, annarri löggjöf og íslenskri laga-framkvæmd. Auk þess er fjallað um úrlausnir Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins í kærumálum gegn íslenska ríkinu. Ritið hefur þannig íslenskt sjónarhorn og því sérstakt hagnýtt gildi fyrir íslenska lögfræðinga. Í ritinu er einnig umfjöllun um túlkunaraðferðir Mannréttindadómstólsins við úrlausn mála, lýst er reglum um skilyrði þess að kæra verði tekin til meðferðar fyrir dómstólnum og meðferð kærumála fyrir honum.

Bókin er afrakstur samstarfs þar sem fræðimenn lagadeilda Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík leggja saman krafta sína auk annarra sérfræðinga um mannréttindi. Höfundar efnis eru: Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Eiríkur Tómas-son, Elín Blöndal, Guðrún Gauksdóttir, Hjördís Björk Hákonardóttir, Oddný Mjöll Arnardóttir, Páll Þórhallsson, Ragnar Aðalsteinsson, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir og Róbert R. Spanó.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Hringborðsumræður um EFTA-dómstólinn:

Sjaldnast svart eða hvítt

Viðtal: Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Alls hafa þrettán mál sem varða íslenska aðila verið tekin fyrir hjá EFTA-dómstólnum. Tiltölulega fáir íslenskir lögmennt hafa því flutt mál fyrir dómstólnum. Hrafnhildur Stefánsdóttir ritstjóri fékk þrjá þeirra, hæstaréttarlögmennina Stefán Geir Þórisson, Óttar Pálsson og Óskar Thorarensen til að miðla af reynslu sinni til lögmanna.



Hvers vegna fara lögmenn þá leið að biðja um ráðgefandi álit dómstólsins?

Stefán Geir: Ég hef fyrir hönd umbjóðenda minna beðið um álit í þremur málum. Það er auðvitað alltaf spurning hvort þörf sé á því að biðja um álit. Oft á tíðum er kannski reiknað með því að dómara hafi þá þekkingu sem til þarf til að leysa úr þeim Evrópuréttarlítaefnum sem eru undir. Þó eru þetta oft flókin álitaefni, og stundum er um ákveðin prinsipp að ræða, sem leiða þá til þess að óskað er eftir álit. Dómari tekur endanlega ákvörðun um hvort fara eigi með mál fyrir dómstólinn eða ekki. Hann setur oftast á málflutning um það hvort afla eigi álits og hlustar á sjónarmið beggja aðila. Svo kveður hann upp úrskurð sinn. Bæði héraðsdómstólar og Hæstiréttur hafa hafnað því að leita álits EFTA-dómstólsins og oft á tíðum er maður í vafa um hvort maður eigi að óska eftir því.

Óttar: Ég hef þrisvar sinnum komið að málflutningi fyrir dómstólnum. Í engu þessarar tilvika vorum það við sem óskuðum eftir álit en við settum okkur heldur ekki upp á móti því. Auðvitað er ýmislegt sem þarf að huga að við ákvörðun þess hvort óska eigi eftir að leitað sé ráðgefandi álits. Slík álitsumleitan hefur umtalsverð áhrif á málsmeðferðina.

Stefán Geir Þórisson.



Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Óskar: Ég hef flutt eitt mál fyrir dómstólnum og þá var ég varnarmegin. Stundum er sú staða uppi að edlilegt og nauðsynlegt er að leita álits EFTA-dómstólsins vegna álitaefna í Evrópurétti. Í öðru máli sem ég var með vildi héraðsdómari kalla eftir ráðgefandi álit en Hæstiréttur var ósammála og felldi úrskurð hans úr gildi.

Meiri áhersla á skriflegan en munnlegan málflutning

Hvernig er best að undirbúa málflutninginn?

Óskar: Nauðsynlegt er að setja sig mjög vel inn í viðfangsefnið í tengslum við Evrópuréttinn en einnig að kynna sér vel þær réttarforsreglur sem gilda um málsmeðferð fyrir EFTA-dómstólnum. Leiðbeiningar til lögmanna er að finna á vef dómstólsins: www.eftacourt.lu Strax eftir að málið er komið á málaskrá dómstólsins er aðilum, EFTA ríkjunum, EB og

EFTA sent bréf og veittur sameiginlegur tveggja mánaða frestur til að skila greinargerðum til dómstólsins. Greinargerðirnar eru oft ítarlegar og vísað er rækilega til dómafordæma og fræðiritra.

Stefán Geir: Maður undirbýr sig svipað og fyrir málflytning fyrir dómstólum hér á landi. Ég hef ýmist samið ræðuna á íslensku og látið þýða hana eða samið ræðuna beint á ensku.

Óttar: Það er gagnlegt að þekkja til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins vegna þess að EFTA-dómstóllinn hefur í flestu fylgt fyrirmynd hans. Uppbygging dóma er ávallt hin sama, notað er ákveðið orðalag svo dæmi sé tekið. Þetta er ekki endilega sambærilegt við það sem við eigum að venjast hér. Annað sem er frábrugðið íslensku réttarfari er að í málflytningu fyrir EFTA-dómstólnum er meiri áhersla lögð á skriflegan málflytning en munnlegan.

Stefán Geir: Það sem er líka verulega ólíkt er að málsaðilar fá innlegg í málið frá hlutlausum sérfræðingum, bæði greinargerð frá Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB, en það eru hlutlausir sérfræðingar sem hafa samið þær.

Er munnlegi málflytningurinn þá andsvar við það sem hefur komið hjá öðrum?

Stefán Geir: Munnlegi málflytningurinn er ekki endilega andsvar. Menn geta útfært nánar ákveðna hluti sem þeir vilja koma á framfæri. Skriflegi



Óskar Thorarensen.

málflytningurinn hefur meira vægi heldur en sá munnlegi enda eru þá komnar skriflegar greinargerðir hlutlausra sérfræðinga.

Óskar: Maður hefur ekki séð greinargerðir hinna þegar maður leggur sína greinargerð fram. Því er munnlegi málflytningurinn eina tækifærið til að bregðast við greinargerðum og ræðum hinna.

Eru vitnaleiðslur fyrir dómstólnum?

Stefán Geir: Þær eru mögulegar en ég hef ekki upplifað þær ennþá og þær eru sjaldgæfar. Sönnunargögn, eins og vitnaleiðslur, geta skipt máli og leitt mál í annan farveg. Við Óskar vorum einmitt með mál fyrir stuttu, þar sem ég taldi að vitnaskýrslur hefðu getað skipt máli, en ég fékk synjun hjá Hæstarétti. Bæði EFTA-dómstóllinn og Evrópudómstóllinn eru með miklu rýmri og opnari heimildir til að hafa frumkvæði að því að afla gagna og upplýsa mál en dómstólar eru með hér á landi.

Óttar: Það fer eftir málum en þegar við erum að tala um ráðgefandi álit þá einskorðast málflytningur við túlkun EES-samningsins. Atvikalýsingin, að því marki sem hún er nauðsynleg, er sett fram af hálfu þess dómstóls sem leitar álags. Eðli málsins samkvæmt munu vitnaleiðslur því sjaldnast eða aldrei eiga við í svona málum.

Hvernig er með spurningar dómara?

Óskar: Stuttu fyrir munnlegan málflytning fundu dómara með þeim lögmönnum þeim sem flytja málið og kynna fyrirkomulag málflytningarsins. Á slíkum fundi geta komið fram upplýsingar um þær spurningar sem dómurinn hefur áhuga á að fá svör við, við munnlegan flytning málsins. Spurningar frá dómurum geta komið fram meðan á ræðum stendur en einnig er gert ráð fyrir spurningum dómara eftir fyrri ræður lögmanna.

Stefán Geir: Ég veit þess dæmi að dómstóllinn hafi sent langan spurningalista til aðila með góðum fyrirvara og beðið þá um að vera reiðubúna að svara þeim.



Óttar Pálsson.



Óttar: Ég var þarna síðast 2001 og þá spurðu dómáram mikið, óundirbúið, og stöðvuðu málflytjendur miskunnarlaust í miðjum ræðum. Ég held að það sé að mörgu leyti gott að gera það og tel reyndar að íslenskir dómáram ættu að spyrja meira!

Hvernig hefur gengið að forma spurningarnar sem landsdómstóllinn leggur fyrir EFTA-dómstóllinn?

Stefán Geir: Áður en ákveðið er að fara með mál út, og komið að þessum munnlega málflytningi, hef ég alltaf verið tilbúinn með spurningar og það hefur ekki valdið vandræðum. Dómáram hafa stundum breytt þeim.

Óttar: Það má ekki gleyma því að það er dómári sem óskar ráðgefandi álits. Það hefur hins vegar vakið athygli mína hvað menn eiga enn erfitt með að koma spurningum í hæfilegt horf. Það ber enn á því að í spurningum felist í raun ósk um að EFTA-dómstóllinn, eða EB-dómstóllinn eftir atvikum, leysi úr réttarágreiningi sem rekinn er fyrir dómstólum aðildarríkis.

Stefán Geir: Það er ekkert óeðlilegt þótt EFTA-dómstóllinn þurfi að umorða spurningar og gerbreyta þeim því

þetta er flókið réttarsvið, eitt af því flóknara sem við erum að fást við. Við erum ekkert verr stödd í þessu en mörg Evrópuríki og ég veit að Evrópudómstóllinn er að fá spurningar sem þarf að snúa á hvolf.

Eru lögmönnum sett tímamörk?

Óskar: Hámarkstími fyrir ræðu hvers lögmanns aðila er 30 mínútur. Ræður annarra eru styttri, 15 mínútur. Síðan gefst lögmönnum kostur á andsvörum.

Óttar: Það var hringt í mig og ég inntur eftir því hve langan tíma ég þyrfti í málflytninginn. Síðan var „samið“ um 30 mínútur ef ég man rétt. Þessi knappi tími sýnir væntanlega eðli málflytningins en þegar að honum kemur liggja gjarnan fyrir ítarlegar skriflegar greinargerðir málsaðila, stofnana EB og EFTA og annarra samningsaðila, og jafnframt samantekt dómstólsins á þeim (report for the hearing). Það er því eðlilegt að ekki sé ætlast til að málflytjendur endurtaki sig í málflytningnum – margir þurfa að koma sínum sjónarmiðum að. Ég upplifði það þannig að ætlast væri til að menn vikju að kjarna málsins. Það er kannski hvergi skrifað en ég taldi svo vera enda ágæt regla.

Stefán Geir: Það er rétt hjá Óttari að dómáram ætlast ekki til að málflytningur fari um víðan völl.

Hafa íslenskir dómáram haft frumkvæði að því að vísa málum til EFTA-dómstólsins?

Stefán Geir: Já, það hefur gerst. Mér sýnist að íslenskir dómáram séu afskaplega tregir til að hafa frumkvæði að því að afla álits fyrir EFTA-dómstólum og ég hef ekki skynjað frumkvæði af þeirra hálfu í neinum málum. Ef það er ekki farið yfir það sérstaklega í þinghaldi, þá er það gleymt og grafið.

Hamlað kostnaðarþátturinn því að menn biðji um áliti?

Óskar: Já, ég get vel ímyndað mér það.



Málsmeðferð styttri en áður

Hvað tekur málsmeðferðin langan tíma?

Óskar: Ég held að dómstóllinn stefni nú að því að kveða upp dóma innan sex mánaða frá því að mál koma á málaskrá hans, sem er að mínu mati eðlilegur tími.

Óttar: Þetta er allnokkur breyting frá því sem var. Ef ég man rétt þá tók þetta lengri tíma. Þess má geta að það tekur mjög langan tíma að fara með mál fyrir Evrópudómstóllinn.

Hvað getið þið ráðlagt lögmönnum sem eru að fara með mál fyrir EFTA-dómstóllinn?

Óskar: Að setja sig mjög vel inn í viðfangsefnið í tengslum við Evrópuréttinn.

Stefán Geir: Það er gott að átta sig á því að kerfið þarna felur í sér að dómstólar eru að hjálpa íslenskum dómstólum við að komast að rétttri niðurstöðu, að þessu leyti er EFTA-dómstóllinn í eðli sínu öðruvísi. Það eru fullt af málum með álitafnum sem fara í gegnum dómskerfið og eru með stórum Evrópuréttarálitafnum án þess að á þau reyni.

Óttar: Menn þurfa að undirbúa sig gaumgæfilega. Þetta eru gjarnan vandmeðfarin mál þar sem reynir á flókin lögfræðileg álitafni. Þetta er sjaldnast svart eða hvítt – klippt eða skorið.



Ráðstefna lagadeildar Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytisins og EFTA-dómstólsins

EES samningurinn: Staðan og framtíðarsýn**The EEA Agreement: Taking Stock and Looking to the Future**

Hátíðasalur Háskóla Íslands

Föstudaginn 31. mars kl. 12:30

12:30 Páll Hreinsson forseti lagadeildar HÍ
Ráðstefnan sett15:30 Stefán Már Stefánsson prófessor við lagadeild HÍ
Lögmætar væntingar í EB/EES rétti
Legitimate Expectations in EC/EEA Law12:35 Geir H. Haarde utanríkisráðherra Íslands
EES samningurinn í nútíð og framtíð
The EEA Agreement: Taking Stock and Looking to the Future16:00 Carl Baudenbacher forseti EFTA-dómstólsins
Samhæfing EFTA dómstólsins og dómstóla ESB
Dialogue between the EFTA Court and the Community Courts13:00 Kristján Andri Stefánsson stjórnarmaður hjá ESA
Hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA
Role of the EFTA Surveillance Authority under the EEA Agreement16:30 Paolo Mengozzi dómari við Evrópudómstólinn á fyrsta dómstigi
EB, EES og Alþjóðaviðskiptastofnunin
The EC, the EEA and the WTO13:30 Þorgeir Örylgsson dómari við EFTA-dómstólinn
Viðbrögð Íslands við dómum EFTA dómstólsins
Iceland's reaction to EFTA Court judgments

17:00 Ráðstefnuslit

14:00 Sir Francis Jacobs frv. aðallögsögumaður við Evrópudómstólinn
Evrópumódelið: Aðlögun með lögum
The European Model: Integration through Law

17:15 Móttaka

14:30 Christiaan Timmermans dómari v. Evrópudómstólinn
Aðferðir við túlkun Evrópulöggjafar
Methods of Interpretation in European Law

Fundarstjóri Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari

Öll erindi á ráðstefnunni verða flutt á ensku.

Þeir sem vilja taka þátt í ráðstefnunni verða að tilkynna það með því að senda tölvupóst til lagadeildar, stellav@hi.is, fyrir 20. mars.Utanríkis-
ráðuneytið

SKRÁÐU ÞIG Í VÖXT

Þú getur sparað þér
tugi þúsunda á ári

Þeir sem eru í Vexti fá afslátt af bankabjónustu, tryggingum og bílalanum og geta þar með sparað tugi þúsunda á ári. Auk þess ganga þeir að öllum upplýsingum um fjármál á einum stað. Kynntu þér Vöxt hjá KB banka og VÍS.

www.voxtur.is

FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR



KB BANKI

VÖ XT UR

- þú færð meira

Aðalatriðið að dómstóllinn sé til staðar



**Viðtal við Þorgeir
Örlygsson, dómara
við EFTA-dómstólinn.**

Hvers konar mál eru það sem falla undir lögsögu EFTA-dómstólsins?

Í aðalatriðum má segja að um þrenns konar tegundir mála sé að ræða sem rekin eru fyrir EFTA-dómstólnum. Í fyrsta lagi ráðgefandi álit. Þá eru það dómstólar EFTA-ríkjanna þriggja sem leita eftir ráðgefandi álitum hjá EFTA-dómstólnum um túlkun á lagareglum sem er að finna í EES-samningnum. Mál *Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur* er gott dæmi um mál af þessu tagi. Í öðru lagi eru það svonefnd samningsbrotamál sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) höfðar gegn EFTA-ríki telji stofnunin að ríkið hafi brotið gegn samningsskyldum sínum samkvæmt EES-samningnum eða samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, og er íslenska *flugvallarskattsmálið* dæmi um slíkt mál. Í þriðja lagi eru það svo ógildingar- og aðgerðarleismál. Slík mál geta EFTA-ríkin og einstaklingar eða lögpersónur að vissum skilyrðum uppfylltum höfðað gegn ESA til ógildingar á ákvörðun

stofnunarinnar eða til staðfestingar á að ESA hafi brotið gegn skyldu sinni til athafna. Dæmi um ógildingarmál er *Íbúðarlánasjóðsmálið*, þ.e. mál Samtaka banka og veðbréfafyrirtækja gegn ESA. Auk þessara þriggja megin mála-flokka má svo nefna að dómstóllinn hefur lögsögu í málum sem varða lausn deilumála milli EFTA-ríkja um beitingu EES-samningsins og tengdra samninga. Á þann málaflökk hefur hins vegar aldrei reynt.

Það reynir í auknum mæli á löggjöf sem leiðir af EES-samningnum við störf lögmannna. Getur þú gert nánari grein fyrir því hvernig koma má ágreiningi sem einstaklingar eða lögaðilar eiga aðild að fyrir EFTA-dómstólinn?

Einstaklingar og lögaðilar geti átt þátt í að koma réttarágreiningi fyrir dómstólinn með bæði beinum og óbeinum hætti.

Einstaklingar og lögpersónur geta eins og áður segir átt aðild að ógildingar-



Porgeir Örylgsson, dómari við EFTA-dómstólinn.

Ljós.: Pierre Levy

eða aðgerðarleysis mállum fyrir EFTA-dómstólnum. Aðild þeirra er viðurkennd ef ákvörðun ESA sem á reynir hefur beinst gegn þeim eða ESA hefur látið hjá líða að beina ákvörðun til þeirra. Aðild annarra einstaklinga eða lögpersóna er aðeins viðurkennd ef þeir hafa einstaklega og beinna hagsmuna að gæta.

Það hefur reynt nokkrum sinnum á þessi aðildarskilyrði fyrir EFTA-dómstólnum og þar á meðal í fyrsta málinu sem ég kom að sem dómari við EFTA-dómstólinn, hinu svonefnda *Bellona* máli. Stefnendur málsins voru umhverfisverndarsamtök sem kröfðust þess að ákvörðun ESA þess efnis að tiltekinn ríkisstyrkur samræmdist EES-samningnum yrði ógilt. Var málinu vísað frá þar sem stefnendur málsins töldust ekki eiga beinna hagsmuna að gæta. Sambærilegar reglur gilda um aðild einstaklinga og lögpersóna fyrir dómstól Evrópubandalaganna. Þar hafa í gegnum tíðina gengið margir dómur þar sem reynt hefur á aðildar-

hæfi og þá einkum það skilyrði að málsaðilar eigi einstaklega hagsmuna að gæta. Undirrétturinn hefur viljað túlka þetta skilyrði víðara en dómstóll Evrópubandalaganna, m.a. á grundvelli sjónarmiða um réttarvernd. Dómstóll Evrópubandalaganna hefur hins vegar í nýlegum dómum snúið dómum undirréttarins við, m.a. með þeim rökum að aðildarhæfið verði ekki rýmkað að óbreyttum lagatexta. Hingað til hefur EFTA-dómstóllinn túlkað málsmeðferðarreglur sem eru sambærilegar málsmeðferðarreglum dómstóls Evrópubandalaganna með líkum hætti og dómstóll Evrópubandalaganna.

Einstaklingar og lögpersónur geta hins vegar einnig átt óbeinan þátt í því að mál beri fyrir dómstólinn. Með kvörtun til ESA geta þeir vakið athygli ESA á samningsbroti EFTA-ríkis og þannig haft áhrif á að ESA rannsaki samningsbrot og ef til vill höfðað mál gegn viðkomandi ríki. Þá geta einstaklingar og lögpersónur sem reka

mál fyrir landsdómstól reynt að hafa áhrif á að viðkomandi dómari leiti eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins. Það er þó dómari málsins sem hefur það endanlega á valdi sínu hvort slíks álits er leitað.

Í þessu sambandi má nefna að það er ekki útilokað að sama ágreiningsefnið komi samtímis fyrir dómstólinn eftir tveimur leiðum. Ágreiningur fyrir landsdómstól kann að snerta hugsanlegt samningsbrot ríkis sem ESA hefur einnig til skoðunar. Landsdómstóllinn kann að leita eftir ráðgefandi áliti á sama tíma og ESA ákveður á fara með málið fyrir EFTA-dómstólinn. Sem dæmi um þetta má nefna að ESA hefur um nokkurt skeið haft til skoðunar lagareglur í Noregi um einkarétt til happdrættisreksturs þar í landi og hefur ákveðið að stefna Noregi fyrir EFTA-dómstólnum vegna þeirra. Á þessar sömu reglur reynir nú einnig fyrir norskum dómstólum í máli sem þar er rekið. Hæstiréttur Noregs hefur nýlega ákveðið að fresta



Frá vinstri: Þorgeir Örlýgsson, Carl Baudenbacher, Henrik Bull og Henrik Harborg.

Ljósma.: Pierre Levy

rekstri þess máls þar til dómur EFTA-dómstólsins liggur fyrir.

Er algengt að einstaklingar eða lögpersónur reki mál gegn ESA?

Ráðgefandi álit eru algengasti mála-flokkurinn sem EFTA-dómstóllinn hefur fengist við. Af þeim u.þ.b. 80 málum sem skráð hafa verið hjá dómstólnum hafa u.þ.b. 50 verið ráðgefandi álit. Enn sem komið er hefur aðeins eitt aðgerðarleysismál gegn ESA verið höfðað fyrir dómstólnum, en í því féll ekki efnisdómur. Allnokkur mál hafa hins vegar verið höfðuð fyrir dómstólnum til ógildingar á ákvörðunum ESA, og í því sambandi má nefna að nýlega var málflutningur í Íbúðarlánasjóðsmálinu sem ég minntist á, þ.e. máli Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja gegn ESA þar sem samtökin krefjast ógildingar á ákvörðun ESA. Ákvörðunin beindist að íslenska ríkinu og kvað á um að ríkistyrkir sem Íbúðalánasjóður nýtur samræmist EES-samningnum.

Þú segir að algengustu málin séu ráðgefandi álit. Getur þú lýst nánar málsmeðferðinni í slíkum málum.

Um álitsbeiðnina fer hér á landi sam-

kvæmt lögum nr. 21/1994 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samningsins um Evrópska efnahags-svæðið. Eins og þar kemur fram getur héraðsdómari kveðið upp úrskurð um að leita ráðgefandi álits að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila. Slíkan úrskurð má kæra til Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur í dómum sínum bæði lagt mat á þörf þess að leita ráðgefandi álits og hvert skuli vera orðalag og efni álitsbeiðni. Hæstiréttur getur einnig kveðið upp úrskurð um að leita skuli ráðgefandi álits í máli sem rekið er fyrir réttinum, þótt ekki hafi verið leitað slíks álits þegar málið var fyrir héraðsdómi.

Fyrir EFTA-dómstólnum fer um málsmeðferðina samkvæmt samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem og samþykktum og málsmeðferðarreglum EFTA-dómstólsins. Í aðalatriðum má segja að byrjað er á því að skrá málið hjá dómstólnum og ákveða hvaða dómari skuli vera framsögumaður. Beiðni um ráðgefandi álit má bera fram á tungumáli þess ríkis sem beiðnin kemur frá. Hana verður þá að þýða á ensku. Bæði tungumálin eru þá jafngild. Þegar því er lokið er

beiðnin send til aðila málsins, allra samningsríkja EES-samningsins sem og viðkomandi stofnana, þ.e. ESA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna. Gefinn er tveggja mánaða frestur til að koma að athugasemdum, sem almennt fæst ekki framlengdur. Athugasemdirnar má setja fram á tungumáli sem beiðnin berst á svo og á ensku. Þær athugasemdir sem berast á frummálinu eru þýddar á ensku af dómstólnum. Að tímafrestinum liðnum eru framkomnar athugasemdir sendar til þeirra sem sent hafa inn athugasemdir. Þá útbýr framsögumaður málflutningsskýrslu sem er send til aðila málsins, aðildarríkjanna og stofnananna. Skýrslan er svo gerð opinber og birt á vef dómstólsins. Munnlegur málflutningur fer síðan fram um málið. Þar geta aðilar málsins fyrir landsdómstólnum, samningsríkin og stofnanirnar flutt mál sitt. Málflutningurinn er ætlaður til að koma að svörum við rökum sem fram hafa verið sett í málinu eða til að koma að nýjum rökum. Almennt fá aðilar málsins 30 mín. hver en aðrir 20 mínútur og að því loknu fá allir tækifæri til andsvara. Að munnlegum málflutningi loknum er málið dómtekið.

Hvert á efni beiðni um ráðgefandi álits að vera?

Það er dómarrinn í málinu sem ber ábyrgð á að orða álitsbeiðni. Það má þó ætla að það sé að jafnaði gert í einhverri samvinnu við aðila málsins. Það er a.m.k. skylda dómara samkvæmt lögum nr. 21/1994 að gefa aðilum máls tækifæri til að tjá sig áður en hann kveður upp úrskurð sinn. Um efni álitsbeiðni er rétt að hafa í huga að dómstóllinn veitir eingöngu álit á túlkun EES-reglu og ekki á landsrétti og að dómstóllinn fjallar ekki um atvik viðkomandi máls. Þó svo að EFTA-dómstóllinn fjalli ekki um atvik máls skiptir það talsverðu máli að upplýsa hann um bæði málsatvik og helstu málsástæður, þannig að EFTA-dómstóllinn átti sig á því hvers vegna álitid er nauðsynlegt og geti þannig gefið svar sem gagnast landsdómstólnum sem best í því samhengi. Það gilda engar reglur um á hvaða stigi málsins álitid á að koma fram. Engu að síður er æskilegt að atvik máls hafi verið sem best upplýst áður en álitsbeiðni er send.

Nú getur það skipt máli að mál gangi sem hraðast fyrir sig, telur þú að lögmennt og dómarrar setji það fyrir sig að vísa álitsbeiðni til EFTA-dómstólsins þar sem það geti tafið málið?

Það er ekki útilokað, sérstaklega í málum þar sem hagsmunirnir eru þess eðlis að skjótrar úrlausnar er þörf. Rétt er þó að taka fram að EFTA-dómstóllinn hefur að undanförnu gefið álit sitt innan 6 mánaða frá því að málið er skráð hjá dómstólnum. Er sá frestur í samræmi við starfsreglu sem dómstóllinn hefur nýlega sett sér.

Veistu dæmi þess að ráðgefandi álit hafi haft úrslitaþrif um niðurstöðu máls hér á landi?

Íslenskir og norskir dómstólar hafa án undantekninga fylgt því álitum sem EFTA-dómstóllinn hefur gefið. Ég veit ekki betur en að sama megi segja um dómstóla í Liechtenstein. Hæstiréttur Íslands hefur orðað það svo í dómum sínum að íslenskum dómstól-

um beri að fylgja álitum EFTA-dómstólsins nema eitthvað komi fram í málinu sem leitt geti til þess að víkja eigi frá því sbr. dómur Hæstaréttar í *Fagtúnsmálinu*. Hæstiréttur Noregs beitti svipaðri röksemdafærslu í *Finangermálinu*.

Því má halda fram að *Fagtúnsmálið* sé skýrasta dæmi þess að álit EFTA-dómstólsins hafi haft áhrif á niðurstöðu máls fyrir íslenskum dómstólum. Héraðsdómur leitaði ekki ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og komst að þeirri niðurstöðu að þær reglur sem á reyndi í málinu væru ekki andstæðar EES-samningnum. Hæstiréttur, sem leitaði álits EFTA-dómstólsins, komst hins vegar að gagnstæðri niðurstöðu og studdist í niðurstöðu sinni við álit EFTA-dómstólsins.

Telur þú að málum fyrir EFTA-dómstólnum eigi eftir að fjölga í framtíðinni?

Það er ekki gott að segja. Í því sambandi verður að hafa í huga að aðildarríki EES-samningsins eru aðeins þrjú, öll eru þau fámenn, ekki í hópi mestu viðskiptaríkja Evrópu, og dómstólum aðildarríkjanna er aldrei skylt að leita álits. Það er því ekki við því að búast að til EFTA-dómstólsins berist í framtíðinni mikið fleiri mál en reyndin er í dag, þ.e. um það bil 8-10 á ári. Ég held þó að almennari þekking á EES-samningnum meðal dómara og lögmannna geti leitt til þess að málum fjölgi þó það verði aldrei umtalsvert. Þetta er þó ekki aðalatriðið heldur hitt að dómstóllinn er til staðar og veitir liðsinni við úrlausn mála þegar þess er óskað.

**Þýðingar
og textaráðgjöf**

Löggiltar og almennar þýðingar
á ensku, norðurlandamál,
frönsku, þýsku og rússnesku
(nú þýðendur og túlkar).
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.
Laugavegi 163a - sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is



Vegið að hornsteinum

Helgi Jóhannesson hrl.

Á dögunum kom upp mál sem var nokkuð til umfjöllunar í fjölmiðlum. Málið varðaði rannsókn Fjármálaeftirlitsins á viðskiptum með stofnbref í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Þetta mál snertir í raun alla lögmenn, þar sem Fjármálaeftirlitinu var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur heimilaður aðgangur að öllum bankareikningum ákveðinnar lögmannsstofu, án þess að sú stofa eða eigendur hennar væru sérstaklega til rannsókna í málinu. Stjórn Lögmannafélags Íslands lítur mál þetta mjög alvarlegum augum og fjallaði sérstaklega um það á fundi sínum 11. janúar sl., þar sem m.a. var samþykkt eftirfarandi bókun:

„Af gefnu tilefni vill stjórn Lögmannafélags Íslands ítreka skoðun félagsins á mikilvægi trúnaðarskyldu lögmanna við skjólstæðinga sína sem grundvallarreglu í réttarríki. Þetta grundvallaratriði endurspeglar m.a. í ákvæðum 22. gr. lögmannalaga nr. 77/1998 og 17. gr. siðareglna lögmanna. Stjórn félagsins telur brýnt að fyrrgreind grundvallarregla sé í heiðri höfð af hálfu þeirra sem með opinbert vald fara og að viðkomandi lögmönnum sé ávallt gefinn kostur á að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, sem og sinna eigin við meðferð mála. Þá skal þess ávallt gætt að upplýsingaskylda lögmanna í tengslum við slík mál gangi aldrei lengra en nauðsynlegt er í þágu viðkomandi rannsókna.“

Þetta mál snertir í raun grundvallarskilyrði lögmannsstarfsins, þ.e. trúnaðarsambandið milli lögmanns og skjólstæðings. Skjólstæðingar lögmanna verða að geta treyst því að málefni þeirra séu þar til meðferðar í trúnaði. Þetta grundvallaratriði endurspeglar m.a. í þeim ákvæðum lögmannalaga og siðareglna lögmanna sem vísað er til í framangreindri bókun. Auðvitað verður að ganga út frá því við meðferð mála hjá eftirlitsstofnunum og rannsóknaraðilum ríkisins að lögmannsstofur séu ekki notaðar sem skjól fyrir ólögmæta starfsemi. Lögmenn skilja auðvitað mikilvægi þess að rannsókn mála bæði hjá lögreglu og ýmsum eftirlitsstofnunum gangi fljótt og vel fyrir sig. Það verður hins vegar að gera skýran greinarmun á lögmanninum sjálfum

og þeim sem til rannsókna er hverju sinni. Það er gríðarlega mikilvægt að trúnaðarsambandi lögmanns og skjólstæðings sé ekki stefnt í voða sem sannalega er ástæða til að óttast ef opinberir aðilar geta opnað upp á gátt t.a.m. bankareikninga lögmannsstofa án þess að viðkomandi lögmáður fái rönd við reist og fái ekki vitneskju um það fyrr en löngu síðar, eins og reyndin var í því máli sem um ræðir. Með því að rýra trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings er grafið undan einum af hornsteinum lögmannsstarfsins.

En víðar er sótt að lögmönnum. Nú stendur fyrir dyrum ný lagasetning um aðgerðir gegn peningþvætti á grundvelli nýrrar tilskipunar frá Evrópusambandinu þar að lútandi. Hlutverk lögmanna er að sjálfsögðu mikilvægt í baráttunni gegn sívaxandi peningþvætti en lögmenn verða hins vegar, við þessa lagasetningu, að standa saman um að gæta þess að þær reglur sem settar verða gangi ekki of nærri trúnaðarsambandi lögmanns og skjólstæðings. Hæglega er hægt að hugsa sér regluverk í þessu sambandi sem er svo íþyngjandi fyrir lögmenn að það vekji upp vantraust skjólstæðinga á lögmönnum og fæli þá frá að leita sér lögmannaaðstoðar. Með því væri unnið varanlegt tjón og nauðsynlegu hlutverki lögmanna í réttarríkinu ógnað.

Það er eitt af verkefnum Lögmannafélags Íslands að fylgjast með málum af því tagi sem rakin hafa verið hér að framan og vera sífellt á varðbergi. Í því sambandi eru erlend samskipti félagsins afar mikilvæg. Með þátttöku félagsins í starfi CCBE (Samtaka evrópskra lögmannafélaga) og með samvinnu við lögmannafélögin á Norðurlöndunum getum við fylgst með þróun þessara mála í öðrum löndum og búið okkur undir það sem koma skal hér á landi. Með því fáum við ómetanlegt forskot og því ber að hlúa að þessum mikilvægu samskiptum.

Helgi Jóhannesson hrl.

Ökutækjaskrá

- Leit eftir númeri ökutækis

- Leit eftir kennitölu eiganda

(að fenginni heimild Umferðarstofu)

Þú færð aðgang á www.LT.is

Lánstraust sérhæfir sig í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga og hefur þróað vörur sínar til móts við þarfir viðskiptalífsins í tæpan áratug.

Sendu okkur tölvupóst á adgangur@LT.is eða hringdu í síma **550 9600** til að fá nánari upplýsingar eða óska eftir aðgangi.

L Á N S T R A U S T H F.

F O R V A R N I R Í F J Á R M Á L U M

Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík • Sími: 550 9600 • LT@LT.is • www.LT.is



Af Merði lögmanni

Andlegri heilsu Marðar hefur hrakað síðustu mánuði enda hefur honum gengið illa að eiga í nánnum samskiptum við konur. Tíðar ferðir á Kringlukrána hafa engan árangur borið í þeim efnum. Merði finnst einnig að mörgum kollegum sé í nöp við hann og hafa nokkrir stjórnulögfræðingar og femínistar í lögmannastétt látið hann heyra það vegna pistlaskrifanna. Þá hefur útlitið ekki skánað, vömbin stækkað og hárunum fækkað.

Góðvinur Marðar ráðlagði honum að ganga í einhvern félagsskap sem einhleyp fólk sækir, eins og Útivist eða líkamsræktarstöðvar. Þá gæti Mördur slegið tvær flugur í einu höggi, náð sér í konu og lagað útlitið. Hvorugt hljómaði vel í eyrum Marðar. Útivistarliðið væri upp til hópa eitthvert vinstra lið og náttúruverndarpakk. Að auki gæti hann ekki sofð í tjöldum eða skálum í óbyggðum með ókunnugu fólki sem hljómaði eins og sögunarmyllur á nóttinni. Þá hefur Mördur alltaf átt erfitt með að gera þarfir sínar úti móa. Þó að líkamsræktarstöð hljómi vel veit Mördur að hann er líklegri til að ná sér í konu fullkleddur en á stuttbuxum.

En Mördur telur að bjart sé framundan. Árshátíð Lögmannafélagsins er í næsta mánuði. Merði er boðið að sitja við háborðið með formanninum, stjórnarmönnum og starfsmönnum félagsins. Framkvæmdastjórinn hefur einnig boðist til að útvega borðdömu fyrir Mörd. Sagðist vita af einni nýfráskilinni sem hefði eingöngu áhuga á lögmonnum. Þá veit Mördur að kvenkynslögmonnum hefur fjölgað talsvert seinustu misseri og flestar einhleypar, einhverra hluta vegna. Einnig mun starfsstúlka hjá félaginu vera á lausu og hefur heyrst að hún hafi áhuga á Merði. Mördur hefur líka tekið eftir því að hún bringir oft í hann og sendir honum tölvupóst. Þótt bringingarnar séu vegna pistla Marðar og í tölvupóstinum sé verið að tilkynna um málþing kvenlögfræðinga, og helstu vandamál þeirra, finnur Mördur samt erótískan undirtón í samskiptunum.

Mördur hlakkar mjög til árshátíðarinnar. Er að vísu svolítið áhyggjufullur um að verða sér til skammar. Þegar Mördur er spenntur á hann það nefnilega til að drekka aðeins of mikið, sérstaklega þegar fyrstu drykkirnir eru ókeypis. Þá á hann til að áreita fólk, bæði kynferðislega og með almennum leiðindum. Við þessar aðstæður vill Mördur oft gera upp gömul mál við kollegana og reynir jafnvel við eiginkonur þeirra. Að vísu hefur Mördur verið rólegur í þessum efnum undanfarin ár eða síðan hann var í tygjum við kvenkynsdómara og var boðið á árshátíð dómarafélagsins. Náði Mördur að leysa það samkvæmi upp þegar dómarnir fengu það óþvegið vegna vitlausra dóma í þeim málum sem Mördur tapaði.

Mördur hefur undirbúið sig vel fyrir árshátíðina. Fór á dansnámskeið í haust með gamalli frænku sinni. Hún hafði sagt honum að góðir danstaktar ykju möguleika hans á nánnum kynnum við hitt kynið. Var lögð áhersla á suður-ameríska dansa þar sem meiri kynferðislegur undirtón er í þeim. Mördur viðurkennir að hann náði ekki góðum tókum á þessum dönsum, átti það til að svitna óhóflega í lófunum og missa takið á dömumni. Mördur mun því sennilega dansa eins og hann hefur gert frá unglingsárum, svokallaðan frjálsan dans (freestyle á útlensku) þar sem kynin dansa án snertinga. Jafnvel tvista eins og Mördur var þekktur fyrir í Glaumba á sjöunda áratugnum.



Aðalfundur

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2005 verður haldinn föstudaginn 10. mars n.k., kl. 16:00 í Sunnusal, Radisson SAS Hótel Sögu.

D A G S K R Á:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 8. gr. samþykktu fyrir Lögmannafélag Íslands.
2. Skýrsla styrkja-og gjafanefndar.
3. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
4. Tillaga um breytingar á skipulagsskrá Námssjóðs LMFÍ
5. Tillaga stjórnar um hækkun árgjalds til Lögmannafélags Íslands
6. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi LMFÍ verður haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ.

D A G S K R Á:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 6. gr. reglna um félagsdeild LMFÍ.
2. Tillaga um breytingar á reglum félagsdeildar.
3. Önnur mál.

Stjórn Lögmannafélags Íslands

Árshátíð

LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS
verður haldin laugardaginn 11. mars í
Gyllta salnum á Hótel Borg.

Heiðursgestur:

Ellert B. Schram,

forseti ÍSÍ

en hann mun jafnframt veita
sparkglöðum lögmonnum verðlaun

Veislustjóri:

Skari Skrípó

Hinn geðpekki
Mörður lögmaður
mætir og flytur annál félagsins
í eigin persónu!!!

Fordrykkur

verður í boði Landsbanka Íslands

Hljómsveitin Sixties

leikur fyrir dansi!

Miðaverð kr. 8.500,-

Pantið fyrir 7. mars í síma 568 5620

Árshátíðarnefnd LMFÍ



Páll Hreinsson, Róbert R. Spanó og Viðar Már Matthíasson á fundi Lagastofnunar um dóminn.

Málþing Lagastofnunar Háskóla Íslands um dóm Hæstaréttar í máli fyrrverandi jafnréttisstýru

**Þann 8. desember 2005
gekk í Hæstarétti dómur í
málinu nr. 175/2005:
Valgerður H. Bjarnadóttir
gegn íslenska ríkinu.**

**Komst rétturinn að þeirri
niðurstöðu að við starfslok
Valgerðar sem fram-
kvæmdastjóra Jafnréttis-
stofu hefði félagsmála-
ráðherra brotið gegn
meginreglum stjórn-
sýsluréttar um meðalhóf
og banni við misbeitingu
valds við val á leiðum til
úrlausnar máls.**

**Var íslenska ríkið því
dæmt til að greiða
Valgerði sex milljónir
króna í bætur.**

LAGASTOFNUN Háskóla Íslands efndi til málþings um dóminn 3. febrúar sl. undir yfirskriftinni „Dómur Hæstaréttar í máli fyrrverandi jafnréttisstýru: Fyrirsjáanlegur eða nýlunda í stjórn-sýslu- og skaðabótarétti?“. Framsögumenn voru Róbert R. Spanó dós-ent, og Viðar Már Matthíasson prófessor. Fundarstjóri var Dr. Páll Hreinsson prófessor og forseti lagadeildar. Var fundurinn afar vel sóttur.

Í erindi sínu fór Róbert fyrst yfir atvik málsins og lagði áherslu á að um væri að ræða þá lýsingu á atvikum sem lögð væri til grundvallar í dómi Hæstaréttar. Því næst tók hann til skoðunar beitingu réttarins á meðalhófsreglu. Komst Róbert að þeirri niðurstöðu að skýrar vísbendingar hefðu legið fyrir um að sú ákvörðun ráðherra að velja ekki þann valkost, sem fólst í því að Valgerður viki tímabundið frá störfum, yrði talin í andstöðu við meðalhófsreglu. Því til stuðnings vísaði hann til lögfestingar 12. gr. stjórn-sýslulaga, dómaframkvæmdar Hæstaréttar, álitframkvæmdar umboðs-

manns Alþingis og skrifa íslenskra og norrænna fræðimanna. Þannig hefðu forsendur Hæstaréttar um inntak og áhrif meðalhófsreglu verið fyrirsjáanlegar í ljósi þeirra atvika sem lögð voru til grundvallar í dóminum. Róbert vék þá að banni við misbeitingu valds við val á leiðum til úrlausnar máls. Benti hann á að tilvist reglunnar væri viðurkennd í íslenskum stjórn-sýslurétti og að útlínur hennar væru nokkuð afmarkaðar. Komst Róbert að þeirri niðurstöðu að úr íslenskri réttarframkvæmd hefðu verið nokkuð skýrar vísbendingar um að líkur væru á því að ákvörðun ráðherra um að ljúka málinu með þeim hætti sem gert var yrði metin ólögmet.

Loks fjallaði Róbert um það hvaða lærdóm mætti draga af dóminum og velti því upp hvort útilokað væri að gera samkomulag við ríkisstarfsmann eða embættismann um starfslok þegar það væri ákjósanlegt vegna atvika sem vörðuðu hann persónulega þótt ekki væri fullnægt skilyrðum til fyrirvaralausrar frávikningar. Í því sambandi



Það var fullt út úr dyrum á fundi Lagastofnunar um Valgerðardóminn, svokallaða.

benti Róbert á að forsendur í dómi Hæstaréttar gerðu beinlínis ráð fyrir því að slíkt væri ekki útilokað. Ákveðin skilyrði yrðu þó að vera uppfyllt og taldi Róbert þau vera hugsanlega þessi:

1. Frumkvæðið þurfi að vera í höndum starfsmannsins og skýr viljaafstaða hans um að láta að störfum þurfi að liggja fyrir.
2. Stjórnvaldið þurfi að fullnægja leiðbeiningarskyldu sinni um réttarstöðu starfsmannsins, einkum um þær réttaröryggisreglur sem tryggja eiga hagsmuni starfsmannsins.
3. Starfsmaðurinn þurfi að fá svigrúm til að leita sér ráðgjafar.
4. Stjórnvaldið þurfi að tryggja að öll atvik séu skjalfest.

Í erindi sínu rakti Viðar Már þróun skaðabótaábyrgðar hins opinbera og benti á að verulegar breytingar hefðu orðið á síðustu tíu til fimmtán árum, bæði í skaðabótarétti og stjórnslurétti. Dómar um skaðabótaábyrgð hins opinbera væru reistir á sakarreglunni. Henni væri þó oft beitt með

þeim sérstaka hætti að láta nægja að staðreyna að tjóni væri valdið með ólögmætum hætti, svonefnt reglufest saknæmi. Viðar Már benti á að Hæstiréttur hefði komist að þeirri niðurstöðu að ráðherra hefði brotið gegn tveimur meginreglum stjórnsluréttar. Miðað við dómaframkvæmd síðustu ára hefðu slík réttarbrot leitt til skaðabótaábyrgðar að því gefnu að fjártjóni og miska hefði verið valdið. Því næst tók Viðar Már til skoðunar niðurstöðu Hæstaréttar um miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabotalaga. Rakti hann nokkra fyrri dóma réttarins og dró þá ályktun af þeim að ef ekki

væri farið að lögum, og gætt eðlilegrar tillitssemi við ráðningarferli eða ráðningarslit, gæti falist í því ólögmæt meingerð við starfsmann sem öðlaðist þar með rétt til miskabóta. Heildarniðurstaða Viðars Mús var því sú að miðað við dómaframkvæmd síðustu ára yrði ekki sagt að niðurstaða Hæstaréttar í málinu hafi verið óvænt heldur væri hún í samræmi við réttarþróun síðustu ára. Hann taldi á hinn bóginn afar ólíklegt að niðurstaðan, og rökstuðningurinn fyrir henni, hefði orðið sú sama fyrir tuttugu árum síðan eða fyrr.

Tómas Eiríksson



GAGNAGEYMSLAN

**Við geymum
og þjónustum
skjölin þín!**

Smiðshöfða 1 • Sími 587 9800 • <http://www.gagnageymslan.is>



Garðar G. Gíslason hdl.

Á skal að ósi stemma

Það hefur vart farið framhjá þeim sem láta sig lög og lögfræði einhverju varða hversu óheppilega ákærvaldinu hefur farnast við útgáfu ákæra í opinberum málum á sviði efnahagsbrota nýliðna mánuði. Í þessum efnum hafa ákveðin mál eðlilega borið hátt, en önnur mál látið minna yfir sér og jafnvel farið alveg hljótt. Þar eru þó jafnframt, eins og í hinum málunum, einstaklingar á ferð sem brýnt er að njóti sömu réttarverndar og fái athygli dómara í jafn ríkum mæli við úrlausnir þeirra um sekt eða sýknu viðkomandi. Það er nú þannig að helsta trygging ákærðra fyrir því að njóta réttar og löglegrar málsmeðferðar (og -varnar), ef ákærvaldinu bregst bogalistin, eru dómarnir því þótt hlutverk verjenda sé vissulega að koma öllum nauðsynlegum upplýsingum í þágu málsvarnar skjólstaðings síns í hendur dómarsins þá hefur það litla þýðingu virði dómarnir þær upplýsingar að vettugi. Að ákveðnum at-riðum ber dómara svo auðvitað að huga ex officio.

Því miður sýnist mér að undanfarið hafi orðið ákveðin brestir í þessari

annars traustu vörn dómstólanna og skulu í því sambandi nefndir tveir nýlegir héraðsdómar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 2005, í málinu nr. S-737/2005.

Í þessu máli var maður ákærður, sem stjórnarmaður í einkahlutafélagi, fyrir að hafa vanrækt að standa skil á innheimtum virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins. Ákæran í málinu byggði að stórum hluta á skýrslum og skilagreinum sem staðin voru skil á eftir að ákærði hvarf frá störfum hjá félaginu. Af þeim sökum var hinn ákærði í raun ekki í stakk búinn til að tjá sig um efnislegt réttmæti þeirra. Brýnt var því að hafið væri yfir allan vafa í málinu að skýrslurnar og skilagreinar væru réttar. Fram kemur hins vegar í dóminum að engin sjálfstæð rannsókn var framkvæmd til að kanna réttmæti skýrslanna og skilagreinnanna, s.s. með samanburði við bókhald félagsins eða skýrslutökum af þeim sem skýrslugerðina önnuðust

enda þótt gögn málsins hefðu gefið tilefni til þess svo sem vikið verður að hér á eftir. Á rannsókninni, svona úr garði gerðri, var málatilbúnaður ákærvaldsins reistur.

Upplýst var í málinu að ákærði hefði horfið frá rekstri félagsins þegar félagið og rekstur þess var seldur. Liður í þeim kaupum var yfirtaka hinna nýju eigenda á öllum skuldum félagsins. Enda þótt það komi ekki skýrt fram í dóminum þá munu vangoldin laun til starfsmanna félagsins hafa verið á meðal þeirra skulda sem kaupsamningur kvað á um að kaupendur félagsins yfirtækju. Ljóst er að hafi laun ekki verið greidd þá hefur ekki verið um það að ræða að haldið hafi verið eftir af þeim fé til staðgreiðslu opinberra gjalda. Breytir engu þar um, þótt launin hafi verið reiknuð, færð á launaseðil og fjárhæð þeirra og meintrar afdreginnar staðgreiðslu á staðgreiðslu skilagreinar. Ef launin voru ekki greidd þá hefur staðgreiðslu ekki verið haldið eftir af þeim. Með því er ekki um nein vanskil að ræða.

Ákærða var gerð refsing á grundvelli

skýrslanna og skilagreinnanna, m.a. á þeim forsendum að ekkert væri komið fram um að tölur í skýrslunum væru rangar og að kaupsamningurinn, sem auk annars kvað á um yfirtöku á vangoldnum launakröfum, breytti engu um ábyrgð ákærða sem stjórnarmanns.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 2005, í málinu nr. S-739/2005.

Í þessu máli voru þrír menn ákærðir, sem stjórnarmenn og framkvæmdastjóri hlutafélags, fyrir að hafa vanrækt að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna félagsins á þriggja mánaða tímabili á árinu 2002, samtals 2.033.192 krónur. Hafði enginn hinna ákærðu áður sætt refsingu. Taldi ákærvaldið meint brot þeirra varða við 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum. Við þessa heimfærslu urðu ákærvaldinu á mistök enda margdæmt að vanskilabrot af þessum toga, sem ekki varða hærri fjárhæðum og þar sem hinir ákærðu eiga sér ekki brotaferil, teljist ekki stórfelld brot og eigi því ekki að varða fangelsisrefsingu heldur einungis fésekt. Sem dæmi um það má nefna Hrd. 2000:3371 og Hrd. 18. apríl 2002, í málinu nr. 29/2002. Í síðara málinu, þar sem heildarvanskil námu 2.728.920 krónum, sagði í dómi Hæstaréttar:

„Brot ákærða voru að hluta framin áður en 262. gr. almennra hegningarlaga var breytt með lögum nr. 39/1995, sem tóku gildi 1. júlí 1995. Fjárhæð virðisaukaskatts, sem gjaldfell eftir þann tíma, nam 2.170.993 krónum. Þegar höfð er hliðsjón af verknaðarhlýsingu 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga,¹ sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, verða brot ákærða ekki talin meiri háttar eða sakir miklar. Verður honum því ekki gert að sæta fangelsisrefsingu fyrir þau.“

¹ Í 3. mgr. 262. gr. er að finna lýsingu á því hvaða brot teljist meiri háttar samkvæmt 1. og 2. mgr. lagaákvæðisins.



Jafnframt má nefna dóma Héraðsdóms Reykjavíkur frá 10. desember 2001, í málinu nr. S-1640/2001 og 1. nóvember 2002, í málinu nr. S-2948/2002 og dóm Héraðsdóms Reykjaness frá 16. apríl 2003, í málinu nr. S-138/2003.

Í þeim dómi sem hér um ræðir er ekki hægt að sjá að komið hafi til álita að heimfærsla ákærvalds til refsíákvæða væri ekki rétt. Þvert á móti komst héraðsdómariinn að þeirri niðurstöðu, að:

„Þar sem um verulegar fjárhæðir er að ræða þykja brot ákærðu vera stórfelld og

varða því einnig við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og í ákæru greinin.“

Voru hinir ákærðu í framhaldinu allir dæmdir í þriggja mánaða fangelsisrefsingu auk fésekta.

Ekki verður betur séð en varnir dómstólanna hafi brugðist í báðum framangreindum málum. Margir tugir svokallaðra vanskilamála eru leidd til lykta fyrir skattfyrvöldum, lögreglu og dómstólum á ári hverju. Sem betur fer gerist það í langflestum tilvikum með réttum hætti, þ.e. eftir réttum lögum og reglum. Reyndar óþægilega oft án þess að hlutaðeigandi beri hönd fyrir höfuð sér að einhverju marki enda gjarnan um niðurbrotna einstaklinga að ræða eftir langvarandi fjárhagslega erfiðleika. Langflest málin eiga það hins vegar sameiginlegt að þar er mannlegur harmleikur af einhverjum toga að baki, ekki ásetningur til undandrattar á skatti. Í því ljósi verða refsingar vegna þessarar tegunda brota að teljast harðar og reyndar á hvaða mælikvarða sem er, enda oft hvort tveggja í formi refsivistar og fésekta, að lágmarki tvöfaldri þeirri fjárhæð sem vanrækt var greiðsla á, auk vararefsingar sé fésektin ekki greidd. Er því sérlega brýnt að ákærvald og dómstólar fari varlega við meðferð málanna og láti ekki hinn mikla mála fjölda og hraða afgreiðslu byrgja sýn á það sem rétt er og satt í hverju tilviki.

Taugasálfræðilegt mat

Minnir sérhæfir sig í:

- Taugasálfræðilegu mati
- Taugasálfræðilegri greiningu á sjúkdómum miðtaugakerfisins eða heilaskaða
- Endurhæfingu


minnir

Taugasálfræðipjónusta Dr. Claudiu Ó. Hoeltje

Minnir ehf.
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfirði

www.minnir.is

sími: 860 2170



Sigurður R. Arnalds hrl.

Landfræðilegar tilvísanir, ostar og Evrópuréttur

Þarf íslenskur fetaostur líka að feta fordæmaslóð Evrópudómstólsins?

Frá samþykki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur mörgum orðið tíðrætt um þann fjölda misgáfullegra og praktískra regluverka er flætt hafa inn í landið frá ESB og landanum borið að lögleiða og hlýða. Ég geri mér því í hugarlund að mikið hafi verið fússað og sveiað við matarborð Marðar og móður hans er fréttir bárust af því undir lok síðasta árs að Evrópuræðið með fulltingi Evrópudómstólsins hugðist skipta sér af því hvað íslenskir ostarframleiðendur nefndu vörur sínar. Mátti girnilegi hvíti osturinn sem svo gott er að skella út í salatid löðrandi í olíu og kryddi ekki lengur heita feta-ostur af því að einhverjum grískum fjallabændum fannst feta ekki vera feta nema búinn væri til úr afurðum grískra goðageita? Hafði smásmuguhygga Brüsselveldisins náð nýjum hæðum?

Landfræðilegar tilvísanir

Að sjálfsgöðu er málið ekki jafn einfalt og Merði kynni að sýnast. Sú áralanga barátta Grikkja er árangur bar á síðasta ári var að heitið „feta“ yrði viðurkennt í flokki svonefndra landfræði-

legra tilvísana (e. geographical indications) innan Evrópusambandsins. Landfræðilegar tilvísanir er heiti sem notað er á vörur sem hafa sérstakan landfræðilegan uppruna og hafa til að bera ákveðin gæði eða orðspor sem tengd eru svæðinu. Notkun heitisins er oftast háð leyfi opinberra aðila og þá að uppfylltum ákveðnum kröfum. Svipað og um vörumerki tryggja landfræðilegar tilvísanir það að neytandinn getur gengið að ákveðnum gæðum eða eiginleikum vísam. Án verndar ættu landfræðilegar tilvísanir líkt og önnur hugverkaréttindi á hættu að verða fölsunum og eftirlíkingaiðnaði að bráð.

Þekktustu landfræðilegu tilvísanirnar eru eflaust þær sem notaðar eru um vín tengd ýmsum landsvæðum og ættu heiti eins og Champagne, Bordeaux og Cognac að vera lögmönnum kunnugleg. Sumum kann aftur á móti að virðast framandi að veita osti sambærilega vernd og slíkum eðalvörum, en landfræðilegar tilvísanir eru síður en svo bundnar við vínheiti. Af öðrum vörum má sem dæmi nefna Basmati hrísgrjón,

Ceylon te, Havana vindla og Toscano olíur. Vernd slíkra landfræðilegra tilvísana skiptir þá sem hagsmunir eiga gríðarmiklu máli, ekki síst fjárhagslega, en kannanir sýna að neytendur eru reiðubúnir að greiða hærra verð fyrir slíkar vörur en aðrar sökum þeirra gæðaeiginleika er tilvísunin á að tryggja.

Vernd landfræðilegra tilvísana

Landfræðilegar tilvísanir eiga sér langa sögu. Allt frá tímum Forn-Grikkja hefur tíðkast að kenna vörur við ákveðin landsvæði. Aristoteles og Plato knefðu vín frá Þalos úr þenskum leirkrúsum. Síðar komu svo fram á sjónarsviðið Bordeaux vín og skoskiský. Hér á landi má sjá vísi að landfræðilegum tilvísunum í tengingu gæða framleiðslu og hráefnis við ákveðna landshluta, sbr. vestfirskan harðfisk og norðlenskt hangikjöt.¹ Það var þó ekki fyrr en fyrir rúmum

¹ Að ógleymdri hinni merkilegu landfræðilegu tilvísun „nýdönsk blöð“ um ákveðna tegund vinsælla tímarita.

100 árum að landfræðilegar tilvísanir nutu lagaverndar, en í Parísarsamþykktinni frá 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar kemur fram að samþykktin taki m.a. til verndar upplýsinga um uppruna og landfræðilegra tilvísana gegn villandi notkun, sbr. 2. mgr. 1. gr. samþykktarinnar.

Á hvern hátt landfræðilegum tilvísunum hefur verið veitt vernd innan einstakra landa er ákaflega mismunandi. Er það ýmist í vörumerkjaloggjöf, lögum um óréttmæta viðskiptahætti eða sérloggjöf um vernd landfræðilegra tilvísana. Að undanförnu hefur þó mikil áhersla verið lögð á samræmingu verndar landfræðilegra tilvísana milli landa og að þeim sé tryggð ákveðin lágmarksvernd, bæði á alþjóðavettvangi og innan Evrópusambandsins. Almennt má þó segja að meginskilyrði verndar heitis sem landfræðilegrar tilvísunar séu þessi:

- Landfræðileg tengsl. Heitið þarf að fela í sér tilvísun til ákveðins staðar eða svæðis, sem getur verið allt frá

í sér landfræðilega tilvísun til uppruna vörunnar hafi nú almenna merkingu um tegund vöru án tillits til þess hvar hún er framleidd. Dæmi um slíkt eru t.a.m. camembert ostur og dijon sinnep, sem áður vísaði til franska bæjarins Dijon. Skýrir það að nokkru hvers vegna ríki leggja svo mikla áherslu á að fá vöruheiti viðurkennt sem landfræðilega tilvísun áður en notkun þess verður svo almenn.

„Stóra fetaostsmálið“

Grikkir og Danir hafa lengi eldað grátt silfur vegna fetaosts og hvort vernda beri heitið feta sem landfræðilega tilvísun. Danir eru mjög stórir framleiðendur fetaosts, sem reyndar er að mestu ætlaður til útflutnings, en danski osturinn er framleiddur úr kúamjólk. Að mati Grikkja er þessi danski ostur alls ekki fetaostur. Nafnið feta geti aðeins þeir ostar borið sem framleiddir eru með hefðbundinni grískri aðferð úr mjólk kinda eða geita frá ákveðnum svæðum í Grikklandi

runaheita væru uppfyllt og feta teldist verndað heiti.

Nokkur aðildarríki, með Dani og Þjóðverja í fararbroddi, andmæltu þessari skráningu framkvæmdastjórnar á heitinu og var því máli að lokum skotið til Evrópudómstólsins til úrlausnar. Kvað dómstóllinn upp dóm sinn í mars 1999 og var niðurstaða hans sú að skráning og vernd orðsins feta sem landfræðilegrar tilvísunar var ógilt á þeim grunni að ekki hefðu nægar upplýsingar legið fyrir svo ákveða mætti hvort veita ætti orðinu feta vernd sem upprunaheiti.

En Grikkir lögðu síður en svo árar í bát og sendu Brüssel tíu kílóa Trójuhest troðinn þúsundum blaðsíðna máli sínu til stuðnings, allt frá aldagömlum söluvittunum til markaðskannana með dórískum og jónískum súlurítum. Herbragðið bar árangur og framkvæmdastjórnin samþykkti á ný skráningu feta sem verndaðs upprunaheitis. Danir og Þjóðverjar, síðar með fulltingi Breta og Frakka líka, leituðu þá eðlilega á ný til Evrópudómstólsins og freistuðu þess að fá skráninguna fellda aftur úr gildi. Meginrökstuðningur þjóðanna var að orðið feta hefði öðlast almenna merkingu um þessa ákveðnu tegund osta og væri í huga neytenda alls ekki bundið við fetaost frá Grikklandi. Í dómi sínum frá 25. október 2005 (ECJ C-456/02 og 466/02) komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Þó talsvert sé framleitt af fetaosti í öðrum sambandslöndum en Grikklandi, þá sporðrenni grískir neytendur 85% af þeim fetaosti sem framleiddur sé innan ESB. Sá hluti fetaosts sem framleiddur væri utan Grikklands fæli jafnframt oftast nær í sér einhvers konar tilvísun til Grikklands eða grískrar menningar á umbúðum sínum. Niðurstaða dómstólsins var því sú að staðfesta skráningu og vernd feta sem landfræðilegrar tilvísunar. Fetaostur er því eingöngu hvítur ostur í legi, framleiddur með hefðbundinni aðferð úr mjólk geita eða kinda sem bitíð hafa gras í haga ákveðinna svæða Grikklands. Áralöng barátta Grikkja hafði borið árangur.



Salatuppskrift Marðar:

Hvítkál
Tómatar
Gúrkur
Feta ostur
Sletta af þorskalýsi
Kryddað eftir smekk

litlu þorpi til ríkis. Varan þarf þó ekki endilega að bera heiti staðarins eða svæðisins, en varan þarf þá óumdeiljanlega að vera tengd honum.

- Gæðatengsl. Varan verður að hafa til að bera viss gæði eða ákveðna eiginleika sem greinir hana frá öðrum vörum sömu tegundar og sem jafnframt er að rekja til sérstakra þátta í upprunauhverfi, eins og veðurfari eða jarðvegi.

- Heitið má ekki vera orðið almennt tegundarheiti. Þróunin getur hafa orðið sú að heiti sem eitt sinn fól

(Makedóníu, Þrakíu, Epíros, Þessalóníku, Mið-Grikklandi, Pelóponnes og Lesvos héraði). Með vísan til þess sóttu Grikkir um vernd feta sem upprunaheitis innan Evrópusambandsins samkvæmt reglugerð nr. 2081/92 um verndun landfræðilegra merkinga og upprunatakna fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli. Að ítarlegri rannsókn lokinni, sem meðal annars fól í sér umfangsmiklar skoðanakannanir meðal neytenda í löndum ESB, féllst framkvæmdastjórnin árið 1996 á að skilýrði reglugerðarinnar um vernd upp-

Hefur dómurinn áhrif á hvað íslenskir ostar mega heita?

Hugmyndin að greinarstúf þessum kviknaði við hugleiðingar um hversu margvísleg fordæmisáhrif dómar Evrópudómstólsins geta haft hér á landi og var í upphafi þeirri spurningu hreyft hvort Evrópusambandið gæti virkilega skipt sér af því hvað íslenskir ostar heita. Svarið við því er raunar bæði já og nei. Reglugerð ESB nr. 2081/92 um verndun landfræðilegra merkinga og upprunatákna fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli er ekki hluti EES samningsins og samsvarandi löggjöf um vernd landfræðilegra tilvísana hefur ekki verið sett hér á landi. Það að Grikkjum hafi verið

veitt skráning á orðinu feta sem landfræðileg tilvísun á grundvelli framangreindrar reglugerðar hefur því ekki bindandi áhrif hér á landi. Á hinn bóginn njóta landfræðilegar tilvísanir verndar skv. vörumerkjalögum nr. 45/1997, en skv. 2. tl. 1. mgr. 14. gr. laganna er m.a. óheimilt að skrá vörumerki ef það er til þess fallið að villa fyrir um uppruna vöru.² Ákvæðið kemur þannig í veg fyrir að skráð séu sem vörumerki heiti sem njóta verndar sem landfræðilegar tilvísanir, nema þær komi sannanlega frá upprunalandinu.³

Sú staðreynd að fetaostinum hefur nú verið veitt vernd sem landfræðileg tilvísun mun því leiða til þess að hafna

beri skráningu á vörumerkinu feta fyrir ost, nema um vöru upprunna í Grikklandi sé að ræða. Þess verður því kannski ekki lengi að bíða að í salati Marðar verði magur Léttfeti í stað fetaosts löðrandi í olíu, sem er eflaust hið besta mál, enda löngu tímabært að hann fari að huga betur að mataræði sínu.

2 Í ákvæði 3. mgr. 14. gr., er jafnframt að finna ákvæði sem varðar vernd landfræðilegra heita á vín-um og brenndum drykkjum sérstaklega. Ákvæðið var sett vegna skuldbindinga Íslands skv. TRIPS samningnum.

3 Sbr. t.d. ákvörðun Einkaleyfastofunnar frá 22. desember 1997, í andmælamáli nr. 20/1997, þar sem umsókn hollensks fyrirtækis um skráningu vörumerkisins CHAMPAGNE fyrir ilmvoðn var hafnað á þeim grundvelli að það teldist villandi um uppruna vörunnar.

Jólafundur

Hinn árlegi jólafundur Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands var haldinn í Iðusalnum, Lækjargötu, fimmtudaginn 8. desember 2005. Þessi viðburður er ávallt vel sóttur af félagsmönnum og svo var einnig að þessu sinni. Þór Vilhjálmsson, fyrrverandi prófessor, hæstaréttardómari og dómari við Mannréttindadómstól Evrópu var heiðursgestur fundarins.



Heiðursgestur var Þór Vilhjálmsson.



Valborg Snævarr hrl., Magnús Guðlaugsson hrl. og Elvar Örn Unnsteinsson hrl.



Dís Sigurgeirsdóttir lögfræðingur, Jónas Jóhannsson héraðsdómari og Björn Þorri Viktorsson hdl.

Gylfi Birgisson hdl., Sigríður Laufey Jónsdóttir hdl. og Jón Haukur Hauksson hdl.





Eyrún Ingadóttir

Árshátíð LMFÍ er á næsta leiti og að þessu sinni er bryddað upp á ýmsum nýjungum. Má nefna að Skari Skrípó verður veislustjóri en ekki þótti annað hægt en að fá „fagmann“ eftir að Ingi Tryggvason gekk svo eftirminnilega frá árshátíðargestum á síðasta ári. Hátíðin verður að þessu sinni haldin á Hótel Borg og í stað heimateita verður kokteill í boði Landsbanka Íslands.

Mörður lögmaður nýtur almennt hylli meðal lögmanna þótt hann hafi ekki enn hlotið þann heiðursess að teljast stjórnlögmaður enda hingað til reynt að falla sem mest í hópinn. Hann mun nú í fyrsta sinn birtast í eigin persónu þar sem annáll lögmanna verður í hans höndum á árshátíðinni auk þess sem hann ætlar að sjá um verðlaunaafhendingu vegna fótboltamóts sem haldið er daginn fyrir árshátíð.



Árshátíðarnefnd ábúðarfull á svip enda í því vandasama hlutverki að vera með skemmtilegustu lögmönnum! Frá vinstri: Viðar Lúðvíksson, Eggert Páll Ólafsson, Anna Ragnhildur Halldórsdóttir, Einar Karl Hallvarðsson, Smári Hilmarsson, Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, Hjördís Halldórsdóttir og Hildur Friðleifsdóttir.

Á síðasta ári létu starfsmenn LMFÍ snyrta hár sitt og skegg fyrir hátíðina, límdu á sig gervineglur, lituðu hárið, fóru í húðhreinun, brjóstastækkun, fitusog og söngtíma. Hvað þeir eru að fást við þessa dagana verður ekki upplýst en gera má ráð fyrir að þeir fari í sitt fínasta þúss eins og venja er til.



Laugardaginn 25. febrúar hélt hópur á vegum LMFÍ í æfingargöngu upp á Esjuna.

Hvannadalshnjúkur

Það styttist óðum í ferð LMFÍ á Hvannadalshnjúk en hópur á vegum félagsins fór í æfingargöngu upp á Esju laugardaginn 25. febrúar síðastliðinn. Ætlunin er að fara svo á sjálfan hnjúkinn helgina 12.-14. maí. Um 55 manns hafa skráð sig í ferðina en lögmönnum er frjálst að taka með fjölskyldu og vini. Ferðafélag Íslands ætlar að leigja okkur þau verkfæri sem við þurfum á að halda; ísaxir, brodda, klifurbelti og karabínur. Svo er bara eins gott að hafa þetta svona:

Nú skal toppinn stefna á
og stöðva líf með tossum.
Æfa, þjálf, sprik! og spá
í vöðvastinum bossum.

Námsferð til San Francisco

Félagsdeild er byrjuð að undirbúa námsferð félagsins í haust. Ákveðið hefur verið að heimsækja San Francisco og


er verið að setja saman dagskrá þar sem blandað verður saman fróðleik og skemmtun. 90 sæti eru í boði í ferðina og fyrstir koma, fyrstir fá!

Námskeið vorannar

Í janúar hófst námskeiðavertíðin með skiptastjórn þrotabúa sem 20 lögmennt sóttu. Einnig hafa verið námskeið í lögum múslima með Magnúsi Þór Bernharðssyni og notkun excel töflureiknis við skipti þrotabúa en í þar fengum við Jón Hauk Jónsson lögmann til að kenna ásamt reyndum kennara frá tölvuskólanum NTV. Við buðum einnig upp á námskeið í Power point sem þurfti því miður að fella niður. Námskeiðin eru auglýst með tölvupósti á félagsmenn.

Heimasíða LMFÍ – 100.000 heimsóknir árið 2005

Árið 2005 fóru heimsóknir á heimasíðuna í fyrsta skipti yfir 100.000 en 33% aukning var á heimsóknum á milli ára. Þar sækir almenningur upplýsingar um alla starfandi lögmennt en einnig er hægt að fá upplýsingar um sérhæfingu lögmannta eftir málaflokkum. Á meðfylgjandi súluriti er fjöldi heimsókna á heimasíðuna síðustu ár. Á heimasíðu lögmannafélagsins er LÖGMANNALIST-



INN en þar gefst almenningi kostur á að leita að lögmanni eftir málaflokkum. Eins og fyrr hefur komið fram er listinn nú á níu tungumálum og bæklingi hefur verið dreift víða sem kynnir þjónustuna á öllum þessum tungumálum, auk þess sem hann hefur fengið all nokkra kynningu í fjölmiðlum. Lögmönnum sem vilja kynna sér hvernig listinn virkar er bent á að fara á heimasíðu félagsins. Lögmenn greiða aðeins kr. 1600,- fyrir hvern yfirflokk sem þeir eru skráðir fyrir svo kynningin á þjónustu þeirra er ekki kostnaðarsöm. Þetta er auglýsing sem borgar sig.

Félagsdeild LMFÍ efnir til námsferðar til **San Francisco** 2. – 9. september 2006

Að þessu sinni verður San Francisco heimsótt með sínu ólgandi mannlífi og stórkostlegu umhverfi. Farin verður dagsferð um borgina og hið alræmda Alcatraz fangelsi heimsótt. Dagsferð verður til vínrækarbænda í Napadalsnum og síðasta kvöldið verður farið í hinn fræga Zinzanni klúbb. Nánari fræðidagskrá verður kynnt síðar en stefnt að því að kynnast réttarkerfi Kaliforníu, hitta kollega og fleira.

Stgr.verð: m.v. 2 í herbergi m/morgunmat kr. 155.500
 m.v. 1 í herbergi m/morgunmat kr. 195.500

Í verðinu er gert ráð fyrir flugi, flugvallarsköttum, ferðum til og frá flugvelli, gistingu með morgunverði, skoðunarferð um borgina, dagsferð til vínræktarhéraða Napadalsins (án inngangseyris) og „farwell dinner“ í Zinzanni klúbbnum. Einnig er gert ráð fyrir rútukostnaði vegna fræðaferða og umsýslukostnaði félagsins.

Staðfestingargjald er kr. 30.000,- og greiðist fyrir 1. maí.

Vinsamlegast sendið upplýsingar um nafn, heimili, kennitölu, síma og hverjir verða saman í herbergi til Eyrúnar Ingadóttur, eyrun@lmfi.is.

Athugið að LMFÍ hefur takmarkaðan sætafjölda, svo fyrstir koma, fyrstir fá. Skráning stendur til 15. apríl.

Félagsdeild LMFÍ



Ingimar Ingason:

CCBE

SAMTÖK LÖGMANNAFÉLAGA Í EVRÓPU

Sagan

CCBE, Samtök lögmannafélaga í Evrópu, voru stofnuð árið 1960. Fullgilda aðild að samtökunum eiga 28 félög, eitt frá hverju aðildarríki ESB og EES. Að auki eiga lögmannafélög sjö annarra Evrópuríkja áheyrnarfulltrúa og á þeim félögum án efa eftir fjölga umtalsvert á næstu árum með stækkun Evrópusambandsins. Lögmannafélag Íslands hefur verið fullgildur aðili að CCBE frá árinu 1994 en hafði ári áður fengið áheyrnaraðild.

Stjórnun

Þrír forsetar, aðalforseti og fyrsti og annar varaforseti, stýra CCBE hverju sinni ásamt sérstakri nefnd, Standing Committee, en aðrar nefndir og starfshópar hafa einnig mikil áhrif á stefnumótun samtakanna. Þá sér framkvæmdastjóri um daglegan rekstur ásamt öðru starfsfólki, sem samanstendur af níu manns. Þeir aðstoða nefndir og vinnuhópa auk þess að annast undirbúning viðburða sem samtökin skipuleggja.

Staðsetning

Aðalstöðvar CCBE eru í Brussel í Belgíu og lúta samtökin belgískum lögum. Staðsetning aðalstöðvanna, þ.e. í nálægð við höfuðstöðvar Evrópusambandsins, er engin tilviljun og má rekja beint til þess megin hlutverks samtakanna að hafa áhrif á lagaþróun og aðra ákvarðanatöku innan stofnana sambandsins, sem snúa að

hagsmunum lögmanna, réttarkerfinu og framþróun réttarins. Þá er vert að nefna að vel flest af stærri lögmannafélögum Evrópu, sem aðild eiga að CCBE, hafa sérstaka fulltrúa eða sendinefndir á sínum vegum í Brussel sem sinna þessum hagsmunamálum gagnvart Evrópusambandinu samhliða þátttöku í CCBE.




Hlutverk

Hvað er CCBE og hvert er hlutverk samtakanna? Það er kannski erfitt að svara þessum spurningum í stuttu máli en í hnotskurn má segja að CCBE sé sameiginlegur vettvangur fyrir lögmannafélög í Evrópu og eiga um 750.000 lögmenn frá 35 ríkjum aðild að samtökunum gegnum félög sín. Hlutverk CCBE er að koma fram fyrir hönd þeirra lögmannafélaga, sem aðild eiga að því, í málefnum er varða sameiginlega starfstengda hagsmuni,

þróun laga og lagaframkvæmdar, réttarkerfið og grunvallarþróun réttarins. Einnig er samtökunum ætlað að vera ráðgefandi og hafa milligöngu í tengslum við milliríkjamál, hvort heldur sem er milli aðildarfélaga innbyrðis eða milli aðildarfélaga annars vegar og stofnana Evrópusambandsins hins vegar. Sama á reyndar við um mál einstakra aðildarfélaga gagnvart stjórnvöldum hlutaðeigandi heimarríkis. Loks er það hlutverk samtakanna að fylgjast með og verja réttarkerfið, standa vörð um grundvallar réttindi borgaranna, þ.m.t. réttinn til aðgengis að dómstólum, sem og að tryggja vernd skjólstaðinga og þau lýðsræðislegu gildi sem samofin eru slíkum réttindum.

Samtökin fá til umsagnar drög að fjölmörgum tilskipunum og öðrum reglum frá Evrópusambandinu eða stofnunum þess, auk þess sem það hefur frumkvæði að slíkum umsögnum eða ábendingum til sambandsins. Þá er CCBE ráðgefandi aðili gagnvart Evrópuráðinu og hefur fasta fulltrúa við Mannréttindadómstól Evrópu, Evrópudómstólinn og EFTA-dómstólinn.

Innan CCBE starfa fjölmargar nefndir og vinnuhópar sem fjalla um hin ólíkustu mál og má þar nefna nefndir á sviði siðareglna, reglna um frjálst flæði lögmanna innan EES, réttarástóðar, aðgerða gegn peningaþvætti, menntunar lögmanna, starfsábyrðar-



Myndin sýnir fjölda félagsmanna innan einstakra aðildarfélaganna CCBE.

trygginga, sáttamedferða, áhrifa þjónustutilskipunarinnar, frelsis í viðskiptum og mannréttinda.

Hvaða erindi á Lögmannafélagið inn í CCBE?

Lögmannafélag Íslands er ekki virkur þátttakandi í nefndum og ráðum CCBE en fulltrúar félagsins sækja hins vegar svokallaðar Plenary Sessions, sem fram fara tvisvar á ári, þar sem ákvarðanatöku fer að jafnaði fram varðandi öll megin stefnumál. Atkvæðavægi einstakra aðildarfélaganna ræðst af stærð þeirra. Lögmannafélagið sem er fjórða fámennasta félagið innan CCBE með tæpa 700 félagsmenn, fer með 3 atkvæði. Það verður að teljast hátt hlutfall í samanburði við stærstu aðildarfélögin sem hafa á bilinu 123.000 til 148.000 félagsmenn innan sinna vébanda og fara aðeins með 18 atkvæði hvert. Þá tryggir samstarf lögmannafélaganna á Norðurlöndunum og á síðustu árum einnig Eystrasaltsríkjanna, aukin áhrif innan CCBE.

Þótt Lögmannafélag Íslands hafi ekki bolmagn til að taka virkan þátt í nefndum og stjórnunum á vegum CCBE nýtur það í mörgu afkasturs af þeirri vinnu sem fram fer innan samtakanna. Þátttakan tryggir Lögmannafélaginu ekki síst auðveldan aðgang að mikilvægum upplýsingum.

Gríðarlegt magn upplýsinga berst félaginu í viku hverri sem með einum eða öðrum hætti snertir hagsmunum íslenskra lögmannanna og félagið reynir að vinna úr eftir fremsta megni. Þess má geta að vegna vaxandi áhrifa Evrópuréttar og upplýsingastreymis frá CCBE hefur komið til tals að setja á laggirnar sérstaka nefnd – alþjóðanefnd, innan félagsins, sem hefði það hlutverk að fara yfir þær reglur og upplýsingar sem berast erlendis frá og meta þörfina á samsvarandi reglusetningu eða koma að útfærslu á lögum og reglum hér á landi.

Ljóst að CCBE gegnir veigamiklu hlutverki í að hafa áhrif á þróun reglna um réttindi og skyldur lögmannanna innan Evrópusambandsins og mótun lagaumhverfis á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig er óhætt að fullyrða að þýðing aðildar Lögmannafélagsins að ráðinu eykst í samræmi við vaxandi áhrif Evrópuréttar á íslenskt lagaumhverfi, hvort heldur sem er í formi löggjafar eða beinna starfa íslenskra lögmannanna erlendis fyrir innlenda og erlenda skjólstaðinga. Aðild Lögmannafélagsins er ekki hugsuð til að hafa bein áhrif, heldur njóta afkasturs samtakamáttar evrópskra lögmannafélaga við að ná fram eða tryggja sameiginlega hagsmunum lögmannanna og tryggja framgang réttarþróunar í Evrópu. Í því tilliti skiptir fjöldi

félagsmanna einstakra aðildarríkja ekki höfuðmáli heldur sú staðreynd að félögin standa saman.

Félagið hvetur félagsmenn til að kynna sér starfsemi CCBE á heimasíðu samtakanna á slóðinni www.ccbe.org

Nýlega útgefnar bækur

Advokatretten,

Höf. Mads Bryde Andersen, 1. útgáfa 2005.

Útg. af höfundi í samvinnu við Advokaternes Serviceselskab A/S Kaupmannahöfn. Væntanleg á bókasafn LMFÍ.

Limitation of Liability for Maritime Claims

Höf. Patrick Griggs CBE, Richard Williams L.L.B., LL.M. og Jeremy Farr, 4. útgáfa, 2005.

Útg. af LLP Informa Professional, London.

Værdipapirhandelsloven og Værdipapirhandelsloven med kommentarer,

Höf. Jesper Lau Hansen, 2004-2005

Útg. Christian Ejlers' Forlag, Kaupmannahöfn.

European Competition Law; A Practitioner's Guide,

Höf. Lennart Ritter, W. David Braun. 3. útgáfa, 2004

Útg. Kluwer Law International, Hollandi

Practical Intellectual Property Precedents,

Höf. Trevor Cook, Audrey Horton Útg. 2004, Thomson; Sweet & Maxwell, London.

LOGOS opnar útibú í London:

Samkeppnisforskot að hafa mann á staðnum

Þau stórtíðindi hafa gerst að íslensk lögmannsstofa hefur í fyrsta skipti opnað erlendis. LOGOS opnaði útibú við New Broad Street í London í upphafi árs. Með aðstoð tækninnar tók Lögmannablaðið viðtal við þá Gunnar Sturluson, framkvæmdastjóra LOGOS, og Guðmund J. Oddsson, forstöðumann LOGOS í London, sem ræddi við okkur frá breska pöbbum King George þar sem hann var að gæða sér á fish and chips ásamt Heiðari Ásberg Atlasyni hdl.

Hvað kom til að þið ákváðuð þessa útrás?

Gunnar: Fyrirtækið ákvað að opna starfsstöð í London til að mæta brýnni þörf viðskiptavina sinna og auka þjónustu við þá sem eru í London. Við náum líka samkeppnisforskoti með því að vera með mann á staðnum, ef svo má segja.

Var flókið að hefja starfsemi í London?

Gunnar: Nei, starfsemin hófst í byrjun janúar með því að Guðmundur flutti út og byrjaði að vinna. Hann er eini íslenski starfsmaðurinn en við deilum skrifstofu með skandínávískum lögmannsstofum sem hafa staðið saman að rekstri í nokkur ár. Á skrifstofunni eru því 5-6 lögfræðingar og 3 starfsmenn. Þar er einnig aðstaða fyrir aðra starfsmenn sem fara út til að vinna tímabundið fyrir viðskiptavinum okkar.

Guðmundur: Við erum svo heppnir



Gunnar Sturluson.

að ganga inn í tilbúinn ramma með kollegum okkar og þurfum því ekki að eyða tíma í uppsetningu skrifstofunnar, ráðningu starfsfólks o.s.frv. heldur getum hellið okkur strax í verkefni.

Hvað með lögmannsréttindi í London?

Guðmundur: Ég starfa einfaldlega undir okkar íslenska starfstitli og er hér virðulegur héraðsdómslögmaður!

Almennt starfa erlendir lögmennt undir sínum starfstitlum hér þó það þekktist að menn afli sér réttinda til að titla sig „solicitor“ eða jafnvel „barrister“. Við sjáum ekki hag í þeim réttindum sem stendur heldur munum halda okkur við okkar ágæta íslenska titil en jafnframt skrá okkur sem Registered European Lawyer (REL) eins og lög gera ráð fyrir. Við erum í samstarfi við The Law Society, sem er



Guðmundur J. Oddsson.

ígildi LMFÍ hér í Englandi, um hvernig við setjum upp formlegan lögaðila um starfsemina, skráningu okkar sem REL, tryggingamál og annað, og það ferli er í gangi.

Mikil þörf fyrir þjónustuna

Hvaða verkefni eruð þið að fást við?

Guðmundur: Auðvitað er ekki komin löng reynsla á þetta, aðeins sex til sjö vikur, en megnið af þessu eru fjárfestinga- og yfirtökuverkefni, verkefni með erlendum lögmannsstofum í tengslum við fjármögnun og svo vinna með erlendum aðilum sem eru að skoða tækifæri til fjárfestinga á Íslandi. Það virðist hafa verið þarft skerf að opna útibúið hér í London því mikil þörf er fyrir þjónustuna. Það er meira en nóg að gera fyrir einn mann en svo sæki ég stuðning heim í baklandið. Starfsmenn LOGOS hafa verið að koma út að vinna ákveðin verkefni með mér. Við munum svo sjá til með framhaldið, hvernig við stækkum útibúið. Við erum með góða vinnuástöðu fyrir fjölda manns til lengri eða skemmri tíma. Upphafið lofar góðu þannig að þetta virðist hafa verið hin besta ákvörðun.

Stílið þið alfarid inn á íslensk fyrirtæki?

Gunnar: Það verður stór hluti af starfseminni að þjónusta íslensk fyrirtæki í einstökum verkefnum. Fjárfestingaverkefnið eru að færast út fyrir landssteinana.

Er áformað að annast málflutning í Bretlandi?

Guðmundur: Nei, það munum við ekki gera, heldur fá enska lögmenn til að vinna fyrir þá viðskiptavinum okkar sem þurfa að láta flytja fyrir sig mál. Þetta er ráðgjöf fyrir viðskiptavinum LOGOS sem eru í fjárfestingaverkefnum erlendis og þá fyrst og fremst hér. En í hina áttina, ef einhver þarf að reka mál fyrir íslenskum dómstólum myndum við veita slíka ráðgjöf. Við munum ekki veita ráðleggingar um breska löggjöf, því við höfum ekki þekkingu á henni, heldur munum við reyna að virkja okkar sambönd við



Það er virðuleikablær á húsnæði því sem LOGOS deilir með skandínávísku lögmannsstofunum í London. Hér sést framhlið hússins sem er staðsett við New Broad Street í hjarta City hverfisins í London.

breska lögmenn til að aðstoða viðskiptavinum hér. Þetta er því nokkurs konar verkstjórnarhlutverk fyrir viðskiptavinina. Þeir vilja oft hafa okkur inni sem hluta af sínu teymi við að verkstýra lögfræðilegum hluta verkefna.

Gunnar: Guðmundur er ekki með bresk málflutningsréttindi enda er engin þörf á því. Íslenskum fyrirtækjum er akkur í því að vera með íslenska lögmenn til að ákveða t.d. hvaða þjónustu á að kaupa af bresku lögmannsstofunum og aðstoða við að vinna úr því sem frá bretunum kemur. Bresku lögmannsstofurnar eru að taka margfalt hærra gjald en við og því er oft mikilvægt að vinna hluti eins og hægt er upp í hendurnar á þeim til að spara peninga. Það kemur hins vegar til greina að ráða breska lögmenn til starfa á stofunni okkar síðar.

Tækifæri erlendis

Munu íslenskir lögmenn starfa í auknum mæli erlendis í framtíðinni?

Gunnar: Íslenskir lögmenn eru upp til hópa mjög vel menntaðir. Til dæmis eru breskir lögmenn yfirleitt ekki með meistarapróf. Margir þeirra eru með aðra grunnmenntun, t.d. bókmenntafræði, viðskipta- eða stjórnmálafræði fara svo í sérstakt nám í lögfræði og síðan starfsþjálfun á lögfræðistofu í þrjú ár. Ég held að það séu tækifæri fyrir íslenska lögfræðinga til að þroskast í lögmannsstarfinu í útlöndum rétt eins og í fjármálafyrirtækjunum eða stórfyrirtækjunum. Fyrir fimm árum hefðu fáum dottið í hug að íslenskir lögmenn störfuðu á íslenskri lögmannsstofu í útlöndum en það er nú orðið að veruleika.

Breytingar á félagatali

Ný málflytningarréttindi fyrir Hæstarétti Íslands:

Ása Ólafsdóttir hdl.
JP Lögmennt
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 558-5200
Fax: 558-5210

Nýr vinnustaður:

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hdl.
Lögfræðistofa Reykjavíkur
Vegmúla 2
108 Reykjavík
Sími: 515-7400
Fax: 515-7401

Sjöfn Kristjánsdóttir hdl.
Egal ehf.
Bólholti 6, 3.hæð
105 Reykjavík
Sími: 568-3353

Eyþóra Kristín Geirsdóttir hdl.
Lögfræðiskrifstofa Reykjavíkurborgar
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík
Sími: 411-4100
Fax: 411-4199

Sigurður S. Júlíusson hdl.
Fides lögmannsstofa
Laugavegi 182
108 Reykjavík
Sími: 534-2600
Fax: 555-6045

Pórður Ólafur Þórðarson hdl.
KB banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6000
Fax: 444-6189

Guðfinna H. Þórsdóttir hdl.
Tollstjórnin í Reykjavík
Tryggvagötu 19
101 Reykjavík
Sími: 560-0300
Fax: 562-5075

Hrannar Jónsson hdl.
Landsbanki Íslands
Austurstræti 16
101 Reykjavík
Sími: 410-4000
Fax: 410-3101

Arna Þór Jónsson hdl.
LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Edda Símonardóttir hdl.
Tollstjórnin í Reykjavík
Tryggvagötu 19
101 Reykjavík
Sími: 560-0300
Fax: 562-5075

Gylfi Jens Gylfason hdl.
Frjálsi fjárfestingabankinn hf.
Lágmúla 6
108 Reykjavík
Sími: 540-5000
Fax: 540-5000

Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.
Acta lögmannsstofa ehf.
Síðumúla 35
108 Reykjavík
Sími: 533-3200
Fax: 533-3201

Andri Árnason hrl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Sigurbjörn Magnússon hrl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Edda Andradóttir hdl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Finnur Magnússon hdl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Guðrún Margrét Eysteinsdóttir hdl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Jón Sigurðsson hdl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Stefán A. Svensson hdl.
Juris hf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Bjarnfreður Ólafsson hdl.
LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
105 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Jón Elvar Guðmundsson hdl.
LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
105 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Ásdís Ármannsdóttir hdl.
Lögheimtan ehf.
Faxatorgi
550 Sauðárkrókur
Sími: 545-0500
Fax: 545-0501

Alda Hrönn Jóhannsdóttir hdl.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Bæjarhrauni 18
220 Hafnarfjörður
Sími: 565-2400
Fax: 565-2700

Nýtt aðsetur:

Logik lögmannsstofa
Rúna S. Geirsdóttir hdl.
Hlíðarsmára 15
201 Kópavogur
Sími: 530-9110
Fax: 530-9101

Lögmannsstofa Páls Ólafssonar ehf.
Páll Ólafsson hdl.
Klapparstígur 16
101 Reykjavík
Sími: 552-7855
Fax: 468-5569

Lögmannsstofan Vitastíg ehf.
Pórarinn Jónsson hdl.
Bæjarlind 12
201 Kópavogur
Sími: 562-2200
Fax: 551-1160

Lá, lögfræðipjónusta ehf
Leifur Arnason hdl.
Skipholt 50 c. 4.hæð
105 Reykjavík
Sími: 511-2233
Fax: 511-2234

Fides lögmannsstofa
Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.
Herdís Hallmarsdóttir hdl.

Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 534-2600
Fax: 534-2605

AM Praxis ehf.
Hróbjartur Jónatansson hrl.
Jónatan Sveinsson hrl.
Reynir Karlsson hrl.
Sveinn Jónatansson hdl.
Pórarinn V. Þórarinnsson hdl.
Próstur Ríkharrðsson hdl.

Nóatúni 17, 4. hæð
125 Reykjavík
Sími: 533 3335
Fax: 533 2333

Laganefnd

gegnir mikilvægu hlutverki

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. formaður laganefndar LMFÍ

Lögmenn, sem mætt hafa á aðalfund Lögmannafélags Íslands, kannast við það árlega verkefni aðalfundar að kjósa fimm lögmenn til setu í laganefnd félagsins. Umræða um hlutverk og störf laganefndar, eða afstöðu nefndarinnar í einstökum málum, hefur ekki farið hátt undanfarin ár. Á því kann að verða breyting á næstu misserum því ákvörðun hefur verið tekin um að gera umsagnir laganefndar aðgengilegar fyrir félagsmenn og aðra, sem áhuga kunna að hafa, í gegnum heimasíðu félagsins. Einnig er ætlunin að fjalla um umsagnir laganefndar í áhugaverðum málum á síðum Lögmannablaðsins hverju sinni.

Lögmenn hafa skyldum að gegna

Störf lögmanna eru yfirgripsmikil, annasöm og krefjandi eins og allir lögmenn þekkja. Flestir lögmenn eiga fullt í fangi með að sinna þeim málum sem á borði þeirra eru hverju sinni og fræðilegur áhugi þeirra verður oft undan að láta í annríki hversdagsins. Engu að síður er mikilvægt fyrir okkur, sem sérfræðinga á okkar sviði og lögmansstéttina í heild, að fulltrúar okkar geri sig gildandi í opinberri og faglegri umræðu um lögfræðileg álitafni hvort heldur sem er persónulega eða í nafni Lögmannafélags Íslands.

Lögmenn gegna mikilvægu hlutverki í réttarríki. Það er skylda lögmanna, og félagsskapar þeirra, að fylgjast með og benda á annmarka sem kunna að vera



Laganefnd ásamt framkvæmdastjóra LMFÍ: f.v. Ingimar Ingason, Eva Bryndís Helgadóttir, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Ása Ólafsdóttir og Óttar Pálsson. Á myndina vantar Birgi Má Ragnarsson.

á löggjöf og réttarframkvæmd á hverjum tíma og standa að öðru leyti vörð um grundvallarréttindi borgaranna. Það er þó álitamál hversu langt á að ganga í því efni. Það er á þessu sviði sem laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna.

Hlutverk laganefndar

Laganefnd er fagleg og óháð nefnd og viðfangsefni hennar er skoðun á lögum, lagasetningu, lagatúlkun og lagsamræmingu á öllum sviðum lögfræðinnar. Nefndin kemur fram út á við, einkum gagnvart Alþingi og ráðuneytum stjórnarráðsins, fyrir hönd Lögmannafélags Íslands. Af þeim

ástæðum er mikilvægt að til setu í nefndinni veljist hæfir lögmenn með yfirgripsmikla faglega þekkingu og reynslu á sem flestum réttarsviðum.

Hlutverk laganefndar er, eins og nafn nefndarinnar gefur til kynna, að fylgjast með lögum, lagaframkvæmd og lagafrumvörpum frá Alþingi og gefa umsagnir um þau. Nefndin skal starfa að málum að eigin frumkvæði en jafnframt getur stjórn félagsins leitað umsagna hennar um einstök mál, ef henta þykir.

Störf laganefndar

Í dag berast laganefnd erindi með tvennum hætti. Annars vegar frá utan-

aðkomandi aðilum, einkum frá Alþingi, ráðuneytum eða nefndum, með beiðnum um umsagnir. Hins vegar frá stjórn Lögmannafélagsins, sem leitar eftir álitum eða umsögn laganevndar um tiltekið lögfræðilegt álitaefni er varðar lögmennt.

Á fundi laganevndar er mál rætt efnislega, afstaða tekin til lögfræðilegra álitaefna og umsögn nefndarinnar undirbúin. Einum nefndarmanna eða fleirum er að því búnu falið að rita skrifleg drög að umsögn, sem öðrum nefndarmönnum gefst síðar tækifæri til að gera athugasemdir við. Þegar allir nefndarmenn eru sáttir við fyrirbyggjandi drög liggur fyrir umsögn laganevndar og er hún send þeim aðila sem óskað hefur eftir henni.

Þess er gjarnan óskað að fulltrúi laganevndar fylgi umsögn nefndarinnar úr hlaði á fundi, ekki hvað síst þegar í hlut á einhver þingnefnda Alþingis. Fulltrúi nefndarinnar mætir í því tilviki fyrir þann aðila sem í hlut á, fylgir umsögninni eftir og svarar þeim spurningum sem að honum er beint. Mörg dæmi eru um að tekið hafi ver-

ið tillit til ábendinga laganevndar við meðferð mála.

Stöndum saman að réttarbótum

Á aðalfundi Lögmannafélags Íslands verður lögð fram tillaga um fjölgun nefndarmanna í laganevnd úr fimm í sjö. Jafnframt er lagt til að laganevnd verði heimilað að leita út fyrir hóp nefndarmanna við samningu umsagnar um einstakt mál, t.a.m. til lögmanns með sérþekkingu á viðkomandi réttarsviði. Þessum breytingum er ætlað að styrkja fræðilegan grunn laganevndarinnar, bæta störf hennar og gera nefndina betur í stakk búna til að sinna hlutverki sínu. Laganevnd hyggst einnig setja sér starfsreglur á næstunni.

Áhugi er einnig fyrir því að efla frumkvæði laganevndar með þeim hætti að nefndin taki sjálf upp mál til athugunar og umræðu án þess að erindi berist frá stjórnvöldum eða stjórn félagsins. Þannig má vekja athygli á áhugaverðum lögfræðilegum álitaefnum eða atriðum sem þykja gagnrýni verð. Lög-

menn geta lagt nefndinni lið í þessu efni með ábendingum sínum og hugmyndum. Laganevnd getur á sama hátt verið farvegur fyrir lögmennt sem vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnvöld.

Eflum ráðgjafar- og eftirlits- hlutverk Lögmannafélags Íslands

Ástæða er til að hvetja lögmennt til að fylgjast með störfum laganevndar og taka virkan þátt í umræðu um þau álitaefni sem nefndin hefur til skoðunar hverju sinni. Lögmennt geta sem fyrr segir lagt nefndinni lið með því að vekja athygli nefndarmanna á því sem betur má fara í lögum, lagasetningu og lagaframkvæmd. Allar ábendingar og tillögur lögmannna eru vel þegnar af hálfu laganevndar enda eru þær til þess fallnar að efla störf nefndarinnar og styrkja Lögmannafélag Íslands sem raunverulegt þjóðfélagslegt afl sem máli skiptir.



Hvernig eyðir þú viðkvæmum upplýsingum?

 www.gagnaeyding.is

Fundur Vinnuréttarfélags Íslands um nýjan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu:

Brjóta forgangsréttarákvæði kjarasamninga gegn Mannréttindasáttmála Evrópu?

Á fundi Vinnuréttarfélagsins þann 20. janúar 2006 var fjallað um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 11. janúar í sameinuðum málum Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku og forðæmisgildi hans hér á landi. Í málinu reyndi á gildi aðildarskylduákvæða kjarasamninga (closed shop) í Danmörku. Erindi héldu Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Elín Blöndal, dósent við Viðskiptaháskólann á Bifröst en hún er jafnframt forstöðumaður Rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála.

Málsatvik

Sørensen réði sig í tveggja mánaða sumarvinnu í fyrirtæki og var tilkynnt um leið að honum væri skylt að vera meðlimur í tilteknu stéttarfélagi, SID. Hann vildi hins vegar vera í öðru stéttarfélagi, neitaði að greiða félagsgjöld til SID og var í framhaldi af því sagt upp störfum.

Rasmussen, sem er garðyrkjumaður, var atvinnulaus þegar honum var boðið starf við garðyrkju með því skilyrði að hann gerðist félagi í SID en atvinnurekandinn hafði gert kjarasamning með aðildarskylduákvæði við það stéttarfélag. Hann tók starfinu og gekk aftur í SID sem hann hafði áður sagt sig úr, enda þótt hann væri enn sömu skoðunar varðandi pólitíska afstöðu þess. Ágreiningslaust var í málinu að Rasmussen mundi missa starfið ef hann segði sig úr SID.

Báðir kærendur töldu að þeir væru þvingaðir til að vera í stéttarfélagi og að sú þvingun sem þeir sættu bryti í bága við rétt þeirra til að standa utan stéttarfélaga sem verndaður væri í 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaða dómsins

Í málinu reyndi á löggjöf í Danmörku frá 1982 þar sem lagt er bann við brott-

rekstri starfsmanna á grundvelli félagsaðildar þeirra. Lögin heimiluðu þó frávik frá þeirri meginreglu og stóðu ekki í vegi fyrir brottrekstri þeirra Sørensen og Rasmussen á grundvelli stéttarfélagsaðildar.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á rétti beggja kæranda til að standa utan félaga skv. 11. gr. Mannréttindasáttmálans. Vísaði dómstóllinn m.a. til þess að lítill stuðningur væri í aðildarríkjum Evrópuráðsins við að viðhalda slíkum ákvæðum í kjarasamningum og tók sérstaklega fram að utan Danmerkur væri slík ákvæði aðeins að finna á Íslandi.

Áhrif dómsins

Á fundinum gerði Björg Thorarensen grein fyrir efni málsins og útskýrði afstöðu Mannréttindadómstólsins í ljósi fyrri dómaframkvæmdar. Sagði hún svör dómsins við þeirri spurningu hvort rétturinn til að standa utan félagsnjóti jafnrar verndar, og rétturinn til að vera í félagi, ekki nægilega skýr en dómstóllinn tók fram að það réðist einfaldlega af atvikum máls hverju sinni. Þá benti hún á að samkvæmt dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins séu málefni vinnumarkaðarins eitt þeirra sviða þar sem ríki hafa venjulega meira svigrúm til mats en almennt gerist. Dómstóllinn hafi þó ekki talið það eiga við í þessu máli án þess að færa fram sérstök rök fyrir því.

Loks taldi hún athyglisvert að það réði ekki úrslitum í málinu, eins og fyrri málum af svipuðum toga, hversu þungbær þvingunin hefði verið fyrir kærendur og hvaða afleiðingar hún hafði. Björg taldi óvarlegt að slá því föstu að dómurinn hafi engin áhrif hér á landi en ekki væri hægt að draga afdráttarlausar ályktanir af honum.



Elín Blöndal.

Dómstóllinn virtist nú leggja meiri áherslu en áður á valfrelsi launþeganna en minni áherslu á afleiðingar þess að neita að ganga í félag. Með því stígi dómstóllinn skrefi lengra en áður varðandi túlkun 11. gr. sáttmálans. Þá staðfesti dómurinn fyrri afstöðu sína að aðildarríkjum beri að hafa afskipti af því hvernig aðilar vinnumarkaðarins skipi þessum málum en verði ella dregnir til ábyrgðar fyrir brot á ákvæðum sáttmálans.

Elín Blöndal fjallaði um aðildarskyldu og forgangsréttarákvæði hér á landi í ljósi dómsins. Hún gerði grein fyrir þeirri aðgreiningu sem gerð hefur verið á síðustu árum hér á landi á aðildarskylduákvæðum kjarasamninga annars vegar og forgangsréttarákvæðum hins vegar en sambærileg aðgreining hefur ekki verið gerð í Danmörku. Elín tók fram að enda þótt dómurinn fjalli út af fyrir sig um aðildarskyldu að stéttarfélögum, sem sé hverfandi hér á landi, bendi rökstuðningur dómstólsins til þess að hann geri ekki greinarmun á slíkum ákvæðum og forgangsréttarákvæðum. Það sem skipti máli sé hvort skylda til að vera í félagi feli í sér slíka

Þvingun að um sé að ræða brot á hinu neikvæða félagafrelsi skv. 11. gr. sáttmálans, eins og það hafi nú verið afmarkað af dómstólnum. Ekki verði á grundvelli þessarar niðurstöðu, fremur en öðrum úrlausnum dómstólsins, ályktað almennt um hvort forgangsréttarákvæði standist eða standist ekki gagnvart 11. gr. sáttmálans. Dómstóllinn hafi alltaf litið á atvik hvers máls fyrir sig en ekki hvaða nafni sú þvingun heitir sem kærandi hafi verið beittur í hlutaðeigandi ríki. Það fari því eftir beitingu forgangsréttarákvæða kjarasamninga hér á landi hvort þau standist gagnvart 11. gr. MSE. Þvingun til aðildar að stéttarfélagi á grundvelli slíkra ákvæða mundi því ekki standast, svo sem ef það að starfsmaður neitar að ganga í tiltekið stéttarfélag eða greiða gjöld til þess leiðir til þess að hann fær ekki tiltekna vinnu eða missir atvinnu sem hann þegar hefur.



Björg Thorarensen í ræðustól.

Nýjustu úrskurðir úrskurðarnefndar LMFÍ

Dómarnir eru birtir í heild sinni á heimasíðu LMFÍ

Mál 5/2005: Seinangangur lögmanns í bótamáli

Kvartað var yfir seinangangi lögmanns í bótamáli gegn íslenska ríkinu en kærundur töldu sig hafa orðið fyrir fjárhagstjóni vegna ólögmatrar synjunar á úthlutun krókaleyfa. Einnig er krafist endurgreiðslu innborgana kæranda til kærða á lögmannskostnaði í málinu. Þar sem kærði hvorki svaraði erindum úrskurðarnefndar né gerði henni grein fyrir málinu af sinni hálfu, var hann talinn hafa sýnt af sér hegðun sem telja yrði lögmannastéttinni ósamboðin. Lögmanninum var af þessu tilefni veitt áminning. Enginn reikningur lá fyrir nefndinni frá kærða um vinnu hans. Við þær aðstæður bar kærða að endurgreiða kærendum það fé sem hann varðveitti fyrir þeirra hönd á fjárvörslureikningi.

Mál 30/2004: Vinnubrögð á lögmannsstofu og reikningsgerð

Kvartað var yfir vinnubrögðum á lögmannsstofu vegna starfa að umgengnisréttarmáli og reikningi vegna þess. Úrskurðarnefnd fann að því að kæra til dómsmálaráðuneytisins barst eftir að lögboðinn kærufrestur á úrskurði sýslumanns í umgengnisréttarmáli kæranda rann út. Nefndin féllst á tillögu kærða um þóknun, sem fól í sér nokkra lækkun miðað við tímaskýrslu fyrir verkið, og ákvarðaði kærða þóknun í samræmi við tillöguna.

Mál 27/2004: Innheimtuaðferðir lögmanns

Kvartað var yfir aðferðum lögmanns við innheimtu skuldar hjá kæranda. Niðurstaða úrskurðarnefnd-

ar var að lögmaður hefði í störfum sínum við innheimtu veðkröfu ekki gert á hlut kæranda með háttsemi sem stríddi gegn lögum eða siðareglum lögmannna.

Mál 6/2004: Brot á starfskyldum lögmanns

Kvartað var yfir meintu broti lögmanns á starfsskyldum sínum við kæranda vegna innheimtu slysabóta. Kærandi kvartaði aðallega yfir seinangangi í meðferð kærða á slysamálinu og yfir uppgjöri. Úrskurðarnefnd taldi að vanræksla lögmanns, að gera úrskurðarnefnd lögmannna fullnægjandi grein fyrir störfum sínum vegna vinnu að innheimtu slysabóta fyrir kæranda, væri aðfinnsluverð. Einnig taldi nefndin að vanræksla kærða að senda kæranda uppgjör vegna innheimtu slysabóta væri aðfinnsluverð.



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.